

## ÁVARP FORMANNS

Það er ávallt tilhlökkun þegar ársþing nálgast að eiga í vændum að hitta alla félagana í hreyfingunni og fá tækifæri til að ræða við þá um okkar sameiginlega áhugamál, knattspyrnuna. Þó að við séum ekki alltaf sammála, og deilum um áherslur og framkvæmd mála, þá sameinumst við öll um það takmark okkar að gera knattspyrnuna á Íslandi betri og byggja upp sterka knattspyrnuhreyfingu.

Á ársþingi fer fram uppgjör á þeim hlutum sem við höfum verið að vinna að á yfirstandandi ári og þar mótum við líka stefnuna fram á við. En ársþing er ekki bara umfjöllun um lög og reglur og starfsemina fyrr og nú og í framtíð. Það er vettvangur skoðanaskipta á göngum, í hliðarherbergjum, í kaffihléum og yfirleitt allsstaðar þar sem tækifæri gefst meðan þing stendur yfir. Ef til vill er þetta ekki síður mikilvægt en þingstörfin sjálf. Menn kynnast, heyra sjónarmið annarra víðsvegar af landinu og eiga auðveldara með að starfa saman í hreyfingunni eftir að hafa kynnst og skipst á skoðunum.

Á ársþingum förum við yfir þá hluti sem við höfum verið að vinna að á yfirstandandi ári og mótum jafnframt stefnu knattspyrnuhreyfingarinnar fyrir næsta ár og framtíðina. Að afloknu keppnistímabili setjast menn niður og gera upp árangurinn, fara yfir það sem miður hefur farið og einnig það sem vel hefur til tekist. Við metum árangurinn miðað við sett markmið, endurskoðum leikaðferðir og skoðum lokaniðurstöður.

Eitt af því sem gerir knattspyrnuna svo töfrandi er að það er enginn lokaáfangi. Framundan er ávallt nýtt keppnistímabil, nýtt mót, ný eftirvænting, ný markmið að setja sér. Góðir sigrar kalla á áframhaldandi velgengni. Ef miður hefur

gengið er markmiðið sett hærra – það gengur bara betur næst. Í knattspyrnunni eru ávallt nýir tímar framundan, ný mót, ný verðlaun, ný tækifæri og ný markmið að setja sér. Já, knattspyrnan er svo sannarlega töfrandi íþrótt og það er höfuðástæðan fyrir því að við, margir forystumenn í þessari göfugu íþrótt, endumst svo lengi í störfum og hittumst ár eftir ár á árlegum þingum Knattspyrnu-sambandsins til að bera saman bækur okkar og ávallt með það háleita markmið að gera betur næst.

Knattspyrnuhreyfingin er öflug hreyfing, hún stendur á styrkum stöðum í íslensku þjóðfélagi og ef til vill hefur hún aldrei staðið sterkar í þjóðfélaginu en í dag. Til að viðhalda þessum vinsældum ber okkur sífellt að horfa til framtíðar og skoða hvernig við getum gert enn betur. Eitt slíkt framfaramál hefur verið mjög áberandi í okkar starfi á liðnu starfsári og það er leyfiskerfið.

Leyfiskerfið var til umræðu á síðasta ársþingi og síðan hefur mikil vinna átt sér stað í undirbúningi við framkvæmd þess. Haldnir hafa verið fundir bæði með forystumönnum félaga í Símadeild, sameiginlegir vinnufundir svo og fundir með forystumönnum einstakra félaga. Einnig voru á sama tíma haldnir fundir með bæjarstjórum og forystufólki þeirra bæjarfélaga sem eiga félög í Símadeildinni og þeim kynnt leyfiskerfið og hvaða skyldur það setur á félögin. Brýnt var fyrir þeim að það sé nauðsynlegt að bæjarfélögin komi til móts við félögin varðandi uppbyggingu mannvirkja til að uppfylla kröfur leyfiskerfisins innan tiltekens frests.

Það er ljóst að félögin í Símadeild eru að flestu leyti vel undirbúin til að takast á við leyfiskerfið, en á sumum stöðum þarf sérstakt átak til að uppfylla kröfur varðandi

mannvirki. Ég verð að lýsa hér yfir sérstakri ánægju með þann skilning og velvilja sem bæjaryfirvöld vítt og breitt um landið sýndu þessu máli og allir gerðu sér grein fyrir að hér var um mikið framfaramál fyrir íslenska knattspyrnu að ræða. Einnig var gleðilegt að heyra beint frá þessum aðilum hversu mikla þýðingu það hefur fyrir einstök bæjarfélög að eiga lið í Símadeildinni.

Það sem er enn mikilvægara fyrir framgang þessa máls er að forystumenn félaganna okkar virðast gera sér grein fyrir mikilvægi þessa máls og ætla að taka það föstum tókum frá byrjun. Hér er um stórt framfaramál að ræða í íslenskri knattspyrnu ef vel tekst til og ég hvet alla sem eiga hlut að þessu máli að vinna því fylgi á komandi starfsári.

Annað stórmál í knattspyrnuhreyfingunni á liðnu starfsári voru nýju félagaskiptareglurnar frá FIFA. Það verður að segjast eins og er að þar virðist ekki hafa tekist vel til í mörgum atriðum og um þessar mundir er knattspyrnuhreyfingin í Evrópu í miklum vandræðum með að túlka þessar nýju félagaskiptareglur og ýmislegt sem ekki fást svör við hjá FIFA. Það er óhætt að fullyrða hér að þetta er mikið hitamál í Evrópu um þessar mundir og ljóst að ekki eru enn öll kurl komin til grafar. Ég tel að FIFA þurfi að staldra aðeins við og skoða þetta mál betur á næstunni þannig að bæði þeir og hreyfingin skilji betur hvað hér liggur að baki.

Knattspyrnuhreyfingin er í eðli sínu íhaldsöm hreyfing sem flagnar ekki að neinu með írafári eða skammsýnum ákvörðunum sem standast ekki tímans tönn. Þetta hefur ætíð verið styrkur knattspyrnunnar og gert hana að langvinsælustu íþrótt heims.

En í ljósi umræðu hér heima að undanfögnu um Evrópusambandið er rétt að þingheimur rifji upp hér að nýju félagaskiptareglurnar verða til í þeim tilgangi að þóknast kröfum Efnahagsbandalagsins og “skrifræðisvaldinu” í Brüssel.

UEFA hefur unnið frábært starf á undanfögnu 10 árum sem aðildarþjóðirnar og félög þeirra hafa notið góðs af, ekki síst fjárhagslega. Meistaradeild Evrópu er í dag fyrirmynd annarra íþróttagreina um allan heim hvernig á að markaðssetja og framkvæma slíka keppni. Hinar miklu vinsældir Meistaradeildarinnar hafa skapað mestar af þeim tekjum sem eru til skiptanna hjá UEFA. Stefna UEFA hefur alla tíð verið sú að deila út peningum samkvæmt svokölluðu “solidarity principle” þ.e. jafnræðisreglu sem gengur út á að allir njóti peninganna sem gefast. Þetta hefur ávallt verið sameiginleg pólitísk ákvörðun stjórnar UEFA og hefur gert evrópska knattspyrnusambandið pólitískt sterkt.

Þessa sömu stefnu hefur KSÍ tileinkað sér á undanfögnu áratug. Ávallt þegar álagningu hefur verið aflétt eða styrkjum útteilt hefur það gengið jafnt yfir hreyfinguna. Sama grundvallarsjónarmið var í gildi þegar KSÍ yfirtók laun dómara og aðstoðadómara, og nú síðustu tvö ár þegar arði af starfsemi KSÍ hefur verið skipt eftir þátttöku aðildarfélaganna okkar í Íslandsmótum yngri flokka karla og kvenna. Um þetta hefur verið pólitísk eining innan KSÍ, enda er þetta eina réttláta leiðin til að allir njóti góðs af og til að friður og samstarf einkenni knattspyrnuhreyfinguna.

Ég tel að það hafi verið mikill sigur fyrir íslenska knattspyrnu að fá þann er þetta ritar inn í stjórn UEFA. Það er ekki nokkur vafi að það hefur geysilega þýðingu fyrir íslenska knattspyrnu og mun skila sér á ýmsan hátt á næstu árum. Það

skiptir miklu máli að eiga fulltrúa þar sem ákvarðanir um framtíð evrópskrar knattspyrnu eru teknar og þar sem tekjunum er skipt. Það er hart slegist um að komast í stjórn UEFA og erfitt fyrir fulltrúa lítilla landa að ná þeim árangri og því er nauðsynlegt að nýta vel sóknarfærin sem skapast með setu minni í stjórn UEFA á næstu árum.

Spennan í íslenski knattspyrnu á síðasta sumri var einstök og endirinn á Símadeild karla var líkast spennutrylli af bestu gerð, nánast eins og handritið hafi verið skrifað fyrirfram af mótanefnd í niðurröðun mótsins. Ef ekki hefði komið til HM í knattspyrnu inn í mitt mót tel ég að við hefðum náð aukningu á áhorfendum á milli ára, en við getum vel við árangurinn unað, á HM ári. Meðaltalið í ár var 996 áhorfendur sem er annað hæsta meðaltal frá upphafi.

Mótamálin eru sem fyrr langstærst í starfsemi KSÍ og mikilvægt að þar takist vel til. Ávallt er reynt að taka tillit til óska og sérstakra aðstæðna þegar raðað er niður. Öll viljum við spila leikina þegar von er á flestum áhorfendum og þegar best hentar á hverjum stað. Ég tel að undanfarin ár hafi verið gengið eins langt og framast er hægt að sinna óskum félaganna í mótamálum, en við megum aldrei gleyma þeirri staðreynd að það verður að vera festa og mjög fastmótað skipulag á mótamálum knattspyrnuhreyfingarinnar. Gott skipulag mótamála hefur verið mesti styrkur KSÍ í yfir 50 ár. Það ber okkur að halda vörð um og varast vítin sem sumir félaga okkar í öðrum sérsamböndum hafa lent í með sín mótamál.

A-landslið kvenna náði þeim frábæra árangri á árinu að ná 2. sæti í sínum riðli í undankeppni HM og spilaði tvo leiki við England í næsta áfanga, sem við töpuðum naumlega eftir 2-2 jafntefli í Reykjavík og 0-1 tap í Birmingham.

Annað landslið sem náði góðum árangri var U17 lið karla sem varð Norðurlandameistari í Svíþjóð og er það í fyrsta skipti sem við náum þeim áfanga. U17 lið stúlkna náði líka þeim merka áfanga að ná 3. sætinu á Norðurlandamótinu í Reykjavík, en það er í fyrsta skipti sem við náum slíkum áfanga í yngri landsliðum kvenna.

Árangur A-landsliðs karla var upp og niður á árinu. Vonbrigði að sjálfsögðu að ná ekki stigi eða stigum á móti Skotum í upphafsleik okkar í EM riðlinum 2004. En seinni leikurinn í EM vannst sannfærandi á móti Litháen 3-0. Ég hef sagt það áður að ef góður árangur á að nást hjá A landsliði karla verður að minnsta kosti hafa tvo hluti til staðar: 1) Við þurfum að eiga nokkra leikmenn sem leika að staðaldri í betri liðum bestu deilda í Evrópu. 2) Við þurfum að hafa góðan skammt að heppni með í liði okkar.

Því miður er ástandið þannig nú að margir af okkar landsliðsmönnum eru ekki fastamenn í sínum liðum og fleiri spila nú í neðri deildum en áður.

En við megum nú ekki alveg gleyma okkur. Við vorum þrjú fyrir allt í 26. sæti af 52 þjóðum í Evrópu hvað árangur síðustu tveggja keppna varðar þegar dregið var í riðla fyrir undankeppni EM 2004. Staðreyndin er sú að okkar árangur þykir með eindæmum góður af félögum okkar um alla Evrópu og margir tala um hve marga góða knattspyrnumenn við eigum sem eru að spila vítt og breitt um Evrópu fyrir þessa litlu þjóð. Auðvitað höfum við metnað til að okkar landslið nái lengra, það væri nú annaðhvort. En það er alvarlegt mál fyrir íslenska knattspyrnu þegar sumir af okkar bestu landsliðsmönnum eru hættir að hafa ánægju af því að koma í landsleiki vegna þeirrar sífelldu neikvæðu

umræðu sem ákveðinn hluti íþróttapressunnar heldur gangandi um þessar mundir.

Rekstur KSÍ er orðinn umfangsmikill eins og sjá má á reikningum sambandsins. Afkoman á síðasta ári var mjög góð og árið var hagstætt starfsemi KSÍ. Þar skipti m.a. talsverðu máli mjög fjárhagslega hagstæður landsleikur við Skota, og einnig landsliðstekjur erlendis. Einnig skipti verulegu máli í útkomu á rekstri Laugardalsvallar að verulegur gengishagnaður varð af erlendu láni sem tekið var á sínum tíma vegna framkvæmda. Hagnaður af starfsemi KSÍ var 18,6 milljónir kr. og hagnaður af rekstri Laugardalsvallar var 19,6 milljónir kr. Þannig að heildarhagnaður samstæðunnar er 38,2 milljónir kr.

Rétt er að skýra hér frá ákvörðun stjórnar KSÍ frá 15. janúar síðastliðnum um að greiða u.þ.b. 10 milljónir til aðildarfélaga KSÍ, sem fært yrði þeim til tekna á liðnu reikningsári, þ.e. 2002. Alls fengu 57 aðildarfélög KSÍ sem sendu lið til keppni í mót á vegum KSÍ í yngri aldursflokkum utanhúss 2002 framlag frá sambandinu.

Knattspyrnusambandið mun styðja dyggilega við bakið á félögum í Símadeild karla sem nú eru að fara inn í leyfiskerfi KSÍ og UEFA. Hvert félag fær 500 þúsund króna styrk fyrir þá miklu undirbúningsvinnu sem þarf að vinna í upphafi. Stjórn KSÍ hefur einnig samþykkt að leggja allt að 20 milljónir króna á þessu starfsári til framkvæmda á mannvirkjum til að mæta kröfum leyfiskerfisins. Hugmyndin er sú að á næstu árum geti hvert félag í Símadeild karla sótt um að fá allt að 5 milljónir kr. frá KSÍ í styrk til framkvæmda við sína leikvanga. En skilyrðið er jafnframt að bæjar-yfirvöld á viðkomandi stað skuldbindi sig til að koma með verulega hærri upphæðir vegna þessara framkvæmda.

Ljóst er að góður rekstur KSÍ skilar sér til aðildarfélaganna, eins og vera ber. Það hefur ætíð verið haft að leiðarljósi að skipta fjármunum samkvæmt jafnræðisreglunni, eða “solidarity princip”, öllum til hagsbóta, því að heildarhagsmunir íslenskrar knattspyrnu er það sem skiptir máli.

Það er langt frá því sjálfgefið að rekstur KSÍ gangi vel. Það byggist fyrst og fremst á góðri fjármála-stjórn, aðhaldi í rekstri og góðum drætti í EM og HM sem mynda stöðugar og háar sjónvarpstekjur. A landslið Íslands er okkar eina stóra söluvara og ef til vill ber KSÍ að láta meiri fjármuni renna til reksturs þess liðs með betri árangur í huga til framtíðar. Ég held að ef til vill hafi stjórn KSÍ verið of íhaldssöm hvað varðar útgjöld til þess liðs með tilliti til þess að það er A-landsliðið sem skapar megin tekjur KSÍ. Það mun verða til skoðunar hjá stjórn KSÍ í nánustu framtíð.

Ég varð að játa að ég er mjög stoltur af því hversu vel hefur tekist til í fjármálum KSÍ og hversu miklu sterkari okkar ágæta hreyfing er fyrir vikið. Ég veit að þannig hugsioð þið líka. Það er tekið eftir því í þjóðfélaginu þegar vel gengur og auðveldara er að framkvæma alla hluti þegar traust er fyrir hendi. Það er ljóst að KSÍ nýtur trausts í þjóðfélaginu í dag.

Eigið fé KSÍ er nú 131 milljón kr. Félagar okkar á Norðurlöndum og víðar hafa það til hliðsjónar að nauðsynlegt sé fyrir þeirra sambönd að eiga eigið fé sem samsvarar að minnsta kosti ½ ársveltu viðkomandi sambands ef vel á að vera. Við erum að nálgast þá viðmiðun og erum nú í stakk búnir að takast á við nokkur slæm ár sem aldrei er auðvelt að sjá fyrir eða óvæntan kostnað sem gæti skapast af því að allt í einu myndaðist raunhæfur möguleiki fyrir A lið karla eða

kvænna að komast í úrslit á HM eða EM.

Á síðasta ári greindi ég ársþingi KSÍ frá því að FIFA hefði ákveðið að styrkja KSÍ um ca. 40 milljónir króna vegna framkvæmda við fræðslumiðstöð KSÍ. KSÍ hefur átt nú í nokkurn tíma í viðræðum við Reykjavíkurborg um framtíðaruppbyggingu Laugardalsvallar og að þessir peningar FIFA sem vonir standa til að verði jafnvel herra framlag á næstu tveimur árum nýtist samhliða þessum framkvæmdum. Ekki er niðurstaða komin í þessar viðræður en væntanlega munu þær breytingar sem nú eiga sér stað á yfirstjórn Reykjavíkurborgar seinka eitthvað ákvörðun í þessu mikilvæga máli.

Ég verð að nota tækifærið hér og óska okkur öllum til hamingju með knattspyrnuhásaævintýrið á Íslandi. Hreint ótrúlegir hlutir hafa gerst hratt eftir margra ára baráttu og áróður. Við tökum ofan hattinn fyrir þeim sveitafélögum sem hafa vísað veginn í þessu þýðingarmikla máli.

Ársþing KSÍ hafa löngum borið þess merki að þar hafa mætt vaskir forystumenn með ákveðnar skoðanir, tilbúnir til að berjast fyrir heildarhagsmunum knattspyrnuhreyfingarinnar. Svo lengi sem ég man eftir knattspyrnuþingum hafa menn verið hreinskilnir í umræðum, tekist á um málefni og skilið sáttir að leikslokum. Hér eru rædd stefnumál hreyfingarinnar, framtíð með hliðsjón af fortíð. Ég skora á ykkur öll að hugsa fyrst og síðast um hag heildarinnar og láta ekki dægurþras og einkahagsmuni stýra gerðum ykkar. En það á að gusta af ársþingum það er líf og kraftur í hreyfingunni, átök eru alltaf undanfari framfara. Tökumst saman á við þau störf sem bíða úrlausnar.

Egbert Magnússon,  
formaður KSÍ

### STERK STAÐA KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands hélt upp á 55 ára afmæli sitt á síðasta ári, 26. mars 2002, en sambandið var stofnað þann 26. mars 1947.

Síðan þá hefur þróunin að sjálfsögðu verið mikil, iðkendum hefur fjölgað statt og stöðugt, rekstrarumhverfi félaga hefur breyst, aðstaða hefur batnað til muna, og svo mætti lengi telja. Allir vinna þessir þættir saman að því að tryggja knattspyrnuni í landinu bjarta framtíð.

Ársskýrsla KSÍ fyrir starfsárið 2002 er gefin út með svipuðu sniði og árið á undan. Í þessari skýrslu er stiklað á stóru um mótin 2002, dómaramál, landsliðsmál, Evrópu-leiki félagsliða, mannvirkjamál, fræðslumál, fjármál og margt fleira. Aftast í skýrslunni er svo að finna ársreikning sambandsins.

Skýrslunni fylgir sem fyrr ítarleg fylgiskýrsla með yfirliti yfir störf nefnda sambandsins. Úrslit leikja í mótum á vegum KSÍ er ekki að finna í fylgiskýrslunni, heldur sér bókaútgáfan Skjaldborg um að birta úrslit allra leikja í öllum mótum í bókinni "Íslensk knattspyrna" eftir Víði Sigurðsson. KSÍ hefur sent aðildarfélögum sínum eintak af bókinni.

### STJÓRN OG STARFSFÓLK

56. ársþing KSÍ var haldið á Hótel Loftleiðum 9.-10. febrúar 2002. Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:

Eggert Magnússon, formaður  
Halldór B. Jónsson, varaformaður  
Eggert Steingrímsson, gjaldkeri  
Jón Gunnlaugsson, ritari  
Ágúst Ingi Jónsson  
Ástráður Gunnarsson  
Björn Friðþjófsson  
Ingibjörg Hinriksdóttir  
Lúðvík S. Georgsson

Varamenn voru Einar Friðþjófsson, Jóhannes Ólafsson og Þórarinn Gunnarsson. Fulltrúar landshluta í stjórn voru Jakob Skúlason (Vesturland), Ómar Bragi Stefánsson (Norðurland), Guðmundur Ingvason (Austurland) og Jóhann Ólafsson (Suðurland).

Stjórn KSÍ hélt 13 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga) auk þess sem nefndir sambandsins hittust reglulega og sér í lagi í tengslum við fjölmörg verkefni sem þær fást við. Meginþungi starfsins hvíldi hins vegar á skrifstofu KSÍ sem hélt utan um daglegan rekstur móta og landsliða auk þess sem þjónusta við aðildarfélögin var umfangsmikil og vaxandi.

Starfsmenn skrifstofu KSÍ voru:

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastj.  
Birkir Sveinsson, mótastjóri  
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri  
Klara Bjartmarz  
Gunnar Gylfason  
Halldór Örn Þorsteinsson  
Margrét Elíasdóttir  
Ómar Smáráson  
Ragnheiður Elíasdóttir  
Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustj.

Þá var Jóhann Kristinsson vallarstjóri Laugardalsvallar.

### SÍVAXANDI UMSVIF

Umfang starfseminnar hjá KSÍ fer stöðugt vaxandi, samfara hinni öru þróun í knattspyrnu í landinu. Þrjú ný knattspyrnuhús hafa risið og verið tekin í notkun, sem gjörbyltir allri aðstöðu knattspyrnufólks til æfinga og keppni. Egilshöll, Fífan, Boginn og Reykjaneshöll eru glæsileg mannvirki og sýna fram á að íþróttin okkar er enn í örum vexti og á sér bjarta framtíð hér á landi.

### MIKIL SPENNA

Enn á ný var endaspennurinn í Símadeild karla geysispennandi. Það er nánast ótrúlegt að úrslit deildarinnar skuli ráðast í lokumferðinni ár eftir ár, þannig að spennan hefur viðhaldist í mótinu allt til loka, og hefur það gefið deildinni byr undir báða vængi. Aðsókn að leikjum 2002 var sú næst hæsta frá upphafi, þrátt fyrir að lokakeppni HM hafi farið fram sama ár. Frammistaða liðanna var í heild nokkuð góð og dómaramarnir áttu mjög gott sumar. Annars var skipulag móta að mestu óbreytt frá fyrra ári og framkvæmd móta tókst í meginatriðum vel.

### EM 2004 AF STAÐ

A landslið karla hóf undankeppni EM 2004 með tveimur leikjum á Laugardalsvelli. Tap varð í fyrsta leik, gegn Skotum, en Litháar voru lagðir að velli fjórum dögum síðar. Þrjú stig úr fyrstu tveimur leikjunum er þokkaleg byrjun og nú verður spennandi að sjá hvernig framhaldið verður. A landslið kvenna náði frábærum árangri í undankeppni HM, komst upp úr sterkum riðli og tapaði naumlega gegn Englandi í umspili um sæti í lokakeppninni. Frammistaða landsliðsins og gæði leikja í Símadeild kvenna sýna að framtíð íslenskrar kvennaknattspyrnu er afar björt.

### MIKILL HAGNAÐUR

KSÍ var rekið með 38,2 milljón króna hagnaði árið 2002. Í heild var reksturinn í samræmi við áætlanir, en mestu munaði þó um að tekjur af landsleikjum voru umtalsvert meiri en áætlað hafði verið. Sem fyrr var stuðningur UEFA og FIFA mikill og nam alls 77,6 milljónum króna. Eigið fé KSÍ um áramót var orðið 131 milljón króna.

## MÓTIN 2002

### ÍSLANDSMÓT INNANHÚSS

Á árinu fór Íslandsmót meistara-flokka karla og kvenna í innanhúss-knattspyrnu í raun fram tvisvar sinnum. Leikið var í janúar að venju, en mótanefnd ákvað að innanhússmóti yrðu í framtíðinni leikin í lok nóvember / byrjun desember og því var leikið aftur á þeim tíma. Í janúarmóti karla lögðu Framarar KR-inga 4-0 í úrslitaleik, en í síðara móti sigruðu Keflvíkingar eftir 5-1 sigur á Þrótti R. í úrslitaleiknum. Í kvennaflokki léku KR og Valur til úrslita í báðum mótunum, en Vesturbæjarstúlkur báru sigurorð af stöllum sínum frá Hlíðarenda í bæði skiptin, 3-1 í janúar og 9-0 í nóvember.

### DEILDARBIKARINN

Deildarbikar karla var skipt í tvær deildir líkt og árið áður, efri og neðri, og er þetta fyrirkomulag að festa sig vel í sessi. Í efri deild léku 16 lið í tveimur riðlum, en í þeirri neðri 18 lið í þremur riðlum.

FH sigraði Fylki í úrslitaleik efri deildar eftir vítaspyrnukeppni, en staðan eftir venjulegan leiktíma og framlengingu var 2-2. FH-ingar léku því til úrslita annað árið í röð, en þeir töpuðu einmitt í vítaspyrnukeppni gegn KR árið á undan. Afturelding hafði betur gegn ÍR í úrslitaleik neðri deildar, sigruðu með einu marki gegn engu.

Í Deildarbikar kvenna sigraði KR Val 4-0 í úrslitaleik. Valur hefur leikið 5 sinnum til úrslita í Deildarbikar kvenna og aldrei unnið, en þetta var í 7. sinn sem keppnin fer fram.

### GRINDAVÍK SPÁÐ TOPPSÆTINU

Á hinum árlega kynningarfundum Símadeildar karla fer fram spá fulltrúa félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Grindvíkingum, sem spáð var öðru sætinu 2001, var nú spáð efsta sætinu og þar með Íslandsmeistaratitlinum. Skagamönnum, handhöfum titilsins, var spáð 2. sæti, en Keflavík og nýliðum Þórs var spáð falli. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Félag	Stig
1. Grindavík	257
2. ÍA	242
3. Fylkir	232
4. KR	222
5. FH	212
6. ÍBV	120
7. Fram	110
8. KA	102
9. Keflavík	78
10. Þór	75

### KR HAFÐI BETUR Í KAPPFLAUPINU VIÐ FYLKI

Það voru KR-ingar sem hömpuðu Íslandsmeistaratitlinum eftir æsi-spennandi endasprenni og mikla baráttu við Fylkismenn. Liðin skiptust á að leiða deildina og ómögulegt var að segja til um hvorum megin titillinn myndi hafna. Enn eina ferðina réðust úrslit Íslandsmótsins ekki fyrr en í síðustu umferð og ekki þarf að tíunda hversu mikið það gerir fyrir mótið í heild að spennan skuli alltaf haldast til loka. Í 18. og síðustu umferð fengu KR-ingar Þórsara, sem þegar voru fallnir, í heimsókn á meðan Fylkismenn fóru upp á Skaga til að kljást við heimamenn. Með sigri hefði Fylkir tryggt sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil. KR vann sigur í sínum leik á meðan Fylkir tapaði fyrir ÍA og því varð ljóst að bikarinn yrði afhentur í

Vesturbænum. Gríðarlegur fögnuður braust út á KR-vellinum þegar ljóst var hvernig farið hafði og ekki var fögnuðurinn minni þegar þyrlan með Íslandsbikarinn lenti við Frostaskjól. Meistararnir töpuðu ekki neinum leik á heimavelli og munar um minna í jafn harðri baráttu og er í Símadeildinni.

Grindvíkingar héldu í við KR og Fylki framan af, en misstu aðeins flugið um mitt mót og náðu ekki að gera nógu harða atlögu að efsta sætinu. Þeir voru þó alltaf í efri hlutanum og voru nokkuð öruggir í 3. sæti þegar upp var staðið. KA-menn komu skemmtilega á óvart og voru vel að fjórða sætinu komnir.

Íslandsmeisturunum frá 2001, ÍA, gekk brösuglega framan af móti, en Skagamenn luku keppni um miðja deild þó um skeið hafi litið út fyrir að þeir myndu taka þátt í fallslagnum.

Þau lið sem ekki eru talin upp hér að ofan, FH, ÍBV, Fram, Keflavík og Þór, háðu mikla baráttu við falldrauginn lengst af. Fyrir lokumferðina voru Þórsara þegar fallnir, og það varð hlutskipti Keflvíkinga að fylgja þeim í 1. deild, þrátt fyrir sigur á nágrönnum sínum úr Grindavík í síðustu umferð. Reykjavíkurlíðin Valur og Þróttur skipuðu tvö efstu sæti 1. deildar 2002 og leika því í Símadeildinni á komandi tímabili.

### Símadeild karla - Lokastaða

Félag	Mörk	Stig
1 KR	32 : 18	36
2 Fylkir	30 : 22	34
3 Grindavík	32 : 26	29
4 KA	18 : 19	25
5 ÍA	29 : 26	23
6 FH	29 : 30	22
7 ÍBV	23 : 22	20
8 Fram	29 : 33	20
9 Keflavík	25 : 30	20
10 Þór	22 : 43	13

### MÖGULEIKI Á SÉRSTÖKUM ÚRSLITALEIK SÍMADEILDAR

Sá möguleiki var fyrir hendi að mótanefnd KSÍ þyrfti að setja á sérstakan úrslitaleik í Símadeild karla að lokinni 18. umferð. Ef úrslit leikja Fylkis og KR hefðu orðið á þann veg að KR og Þór hefðu gert 3-3 jafntefli og ÍA sigrað Fylki 1-0, yrðu Fylkir og KR hnífjöfn í efsta sætinu. Þá hefðu félögin verið jöfn að stigum, markamismunur þeirra jafn, skorðu mörk jöfn, og innbyrðis viðureignum hafði báðum lyktað með jafntefli, 1-1.

## 996 ÁHORFENDUR AÐ MEÐALTALI

996 áhorfendur mættu að meðaltali á leiki Símadeildar karla 2002, sem er nokkru lægra en árið á undan, en þó næst mesta aðsóknin frá upphafi þar sem leikirnir 2001 slógu öll aðsóknarmet. Áhorfendur í ár voru alls 89.660. Að venju komu flestir á KR-völl, 1.948, en fæstir áhorfendur voru að jafnaði á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum, 601. Sá leikur sem dró flesta að var viðureign Fylkis og KR á Fylkisvelli í 17. umferð, eða 4.833 manns. Fæstir mættu á leik Keflavíkur og KA, einnig í 17. umferð, eða 236. Töflu með nánari útlistun á áhorfendafjölda í deildinni má sjá í fylgiskýrslu.

## NÝR LEIKTÍMI Í SÍMADEILD KARLA

Ákveðið var að leiktími á virkum dögum í Símadeild karla yrði færður fram til kl. 19:15. Löng hefð er fyrir því að leikir hefjist kl. 20:00 á virkum dögum, svo að hér var um veigamikla breytingu að ræða, en ýmsar ástæður voru að baki henni, m.a. breytt þjóðfélagsmynstur, hagræði fyrir félög sem þurfa að ferðast til síns heima eftir leiki og auknir möguleikar á umfjöllun sjónvarps að kvöldi leikdags.

## FYLKIR ENDURTÓK LEIKINN Í BIKARNUM

Báðir undanúrslitaleikir Coca-Cola bikarsins fóru nú fram á Laugardalsvelli í fyrsta sinn og mæltist það nokkuð vel fyrir. Framarar lögðu Eyjamenn 2-1 í hörkuleik og tryggðu sér því sæti í úrslitaleiknum í 15. sinn. Baráttan var ekki síðri þegar Fylkir lagði KA 3-2 í hinum undanúrslitaleiknum.

Fylkismenn tryggðu sér sigur í bikarnum annað árið í röð þegar þeir lögðu Framara 3-1 í úrslitaleiknum á Laugardalsvelli. Bæði lið voru dyggilega studd af fjölmörgum áhorfendum sem settu skemmtilegan svip á leikinn með mikilli stemmningu, en alls mættu 3.376 áhorfendur á leikinn.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og tókst liðunum að gera sitt hvort markið. Í síðari hálfleik sýndu Fylkismenn hvers þeir eru megnugir og gerðu tvö mörk án þess að Frömurum tækist að svara fyrir sig og því var ljóst að titillinn yrði í Árbænum 2. árið í röð.

## KR SPÁÐ TITLINUM

Á hinum árlega kynningarfundum Símadeildar kvenna spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. KR var spáð efsta sætinu, Valsstúlkum öðru sætinu og Breiðabliki því þriðja. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Félag	Stig
1. KR	186
2. Valur	154
3. Breiðablik	151
4. ÍBV	117
5. Stjarnan	104
6. FH	71
7. Þór/KA/KS	45
8. Grindavík	36

## YFIRBURÐIR KR-STÚLKNA

Lið KR hafði bar höfuð og herðar yfir önnur lið í Símadeild kvenna, en stúlkurnar úr Vesturbænum töpuðu aðeins einum leik allt tímabilið og settu markamet, skorðu 83 mörk gegn 6 fengnum á sig. Eini tapleikurinn kom í 6. umferð, gegn ÍBV á heimavelli, og liði hélt hreinu í 12 af leikjunum 14 í deildinni. Til marks um yfirburðina má nefna að í lokaumferðinni sigraði KR einn sinn helsta keppinaut á undanförunum árum, Val, með níu mörkum gegn engu. Titillinn 2002 var sá 5. í röðinni og sá fjórði á síðustu sex árum.

Þrátt fyrir yfirburði KR má glöggst sjá að bilið milli sterkari og veikari liðanna er að minnka og að mun fleiri ungir og efnilegir leikmenn eru að koma fram á sjónarsviðið en oft áður. ÍBV hefur fest sig í sessi í efri hluta deildarinnar og Þór/KA/KS sýndi miklar framfarir.

Þróttur R. sigraði í 1. deild og leikur því í Símadeild 2003. FH tryggði sér áframhaldandi veru í deildinni með sigri á Haukum í aukaleikjum um sætið. Þróttur og Haukar óskuðu síðan eftir því að senda sameiginlegt lið til keppni í Símadeild kvenna 2003.

### Símadeild kvenna - Lokastaða

Félag	Mörk	Stig
1 KR	83 : 6	39
2 Breiðablik	39 : 14	31
3 Valur	32 : 18	30
4 ÍBV	26 : 22	23
5 Þór/KA/KS	13 : 32	16
6 Stjarnan	17 : 39	11
7 FH	10 : 46	8
8 Grindavík	9 : 52	4

## TVÖFALT HJÁ KR

KR lagði Val í úrslitaleik Coca-Cola bikars kvenna og var 4-3 sigur þeirra öruggari en tölurnar gefa til kynna. KR-stúlkur komust fjórum

mörkum yfir áður en Valsstúlkur svöruðu fyrir sig um miðjan síðari hálfleik og bættu síðan við tveimur mörkum í blálokin.

## BEINAR ÚTSENDINGAR

Sjónvarpsstöðin Sýn sýndi beint frá 18 leikjum Símadeildar karla 2002 og Stöð 2 sýndi 1 leik, þannig að alls voru beinar útsendingar frá Símadeildinni 19 talsins, sem eru færri útsendingar en undanfarin ár þar sem RÚV sýndi ekki frá deildinni 2002. Árið 2001 var sýnt beint frá 23 leikjum, 2000 var sýnt beint frá 21 leik, 1999 og 1998 var sýnt beint frá 20 leikjum.

Úrslitaleikur Coca-Cola bikars karla var sýndur beint á RÚV, en Ríkissjónvarpið sýndi undanúrslitaleikina einnig beint. RÚV sýndi einnig úrslitaleik Coca-Cola bikars kvenna í beinni útsendingu. Alls var því sýnt beint frá 4 leikjum í Coca-Cola bikar karla og kvenna, samanborið við 6, leiki 2001, 7 leiki 2000, 8 leiki 1999 og 7 leiki 1998.

Samanlagt voru því 23 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu.

## BIKAR 2. FLOKKS KARLA

Úrslitaleikur í bikarkeppni 2. flokks karla fór fram á Akureyrarvelli, en árin tvö þar á undan fór hann fram á Laugardalsvelli. Um er að ræða næst elstu bikarkeppni á vegum KSÍ (hófst 1964) og er keppt um sama bikar og í upphafi. Það voru KR og Þór sem mættust í úrslitaleiknum og höfðu þeir síðarnefndu betur í hörkuleik, knúðu fram sigur í vítaspyrnukeppni, en staðan eftir venjulegan leiktíma og fram- lengingu var 4-4. Þetta var í fyrsta skipti sem Þór sigrar í keppninni.

## FJÖLGUN LEIKJA Í MÓTUM

Á síðastliðnum árum hefur leikjum í mótum KSÍ fjölgað verulega. Leikjum árið 2002 fjölgaði um 256 frá fyrra ári, fór úr 4.213 leikjum 2001 í 4.469 árið 2002, en aldrei hafa svo margir leikir farið fram á vegum KSÍ á einu ári. Fjölgunina má að mestu skýra með færslu Íslandsmóts innanhúss í meistara- flokki frá janúar fram til nóvember árið áður og voru því tvenn mót haldin árið 2002. Talsverð raun- veruleg fjölgun varð einnig vegna heimildar fyrir félög til að senda fleiri lið til keppni í sama flokki, bæði fyrir stúlkur og drengi. Fjölgun varð einnig í deildar- leikjum kvenna.

## INNIMÓT Í NÓVEMBER

Mótanefnd og stjórn KSÍ ákváðu að færa Íslandsmótið innanhúss í meistaraflokki frá janúar ár hvert fram í nóvember með hliðsjón af nýrri skiptingu ársins í leiktímabil með tilkomu fleiri knattspyrnuhúsa. Héraðsmót í meistaraflokki eða frjáls smámót verða þá haldin á stórum velli í knattspyrnuhúsunum í janúar og febrúar, en keppni á landsvísu á vegum KSÍ (núverandi Deildarbikar) hefst síðan í lok febrúar og stendur fram í maí. Íslandsmót yngri flokka verður hins vegar áfram í janúar og febrúar ár hvert.

## KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

Frá árinu 1998 hefur KSÍ annast skipulagningu á mótum KRR í Reykjavík. Árið 2002 tók KSÍ einnig að sér að skipuleggja hið svokallaða Faxaflóamót. Sérstakur starfsmaður sér um þess mót, enda umfang þeirra orðið verulegt. Fjöldi leikja í KRR mótum var 1.753, en 711 í Faxaflóamótunum árið 2002.

## OPIN MÓT FÉLAGA

Auk móta KSÍ og annarra héraðs- móta fara fram mörg önnur mót á hverju sumri. Á síðasta ári voru 27 opin mót víðs vegar um landið tilkynnt til KSÍ. Um er að ræða svokölluð hraðmót, sem oftast eru leikin á einni helgi og mismunandi er hvaða flokkar það eru sem taka þátt, allt frá 7. flokki karla og 6. flokki kvenna upp í eldri flokk karla. Þessum mótum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og vonandi mun sú þróun halda áfram, þar sem verkefni vantar oft, sérstaklega í yngstu flokkunum.

## FYRIRKOMULAG MÓTA

Við niðurröðun deildar- og bikar- leikja karla var eins og áður tekið tillit til landsleikja (A og U21), svo og til Evrópuleikja félagsliða. Drætti í töfluröð í Símadeild karla var aðeins stýrt vegna leikdaga í Evrópukeppnum félagsliða. Við niðurröðun deildar- og bikarleikja kvenna var tekið tillit til allra landsliða kvenna.

## AUKALIÐ Í MFL. KV. 2003

Mótanefnd KSÍ heimilaði Breiðabliki og Þrótti/Haukum að senda aukalið til keppni í 1. deild kvenna 2003. Breiðablik mun því bæði eiga lið í Símadeild og 1. deild kvenna, sem og sameiginlegt lið Þróttar/Hauka. Aukaliðin munu ekki eiga möguleika á að komast í úrslitakeppni 1. deildar.

## ÍSLANDSMÓT 40 ÁRA OG ELDRI

Sumarið 2002 var boðið upp á mót fyrir leikmenn 40 ára og eldri (í karlaflokki). Þátttaka var góð og tilkynntu alls 12 félög lið til keppni.

## BREYTING Á REGLUGERÐ DEILDARBIKARS

Veigamikil breyting var gerð á reglugerð Deildarbikarsins 2002:

*"Félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölu 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða".*

Þetta þýddi að KSÍ breytti úrslitunum sjálfkrafa ef tiltekið félag notaði ólöglegan leikmann. Ólöglegir leikmenn voru notaðir í alls 7 leikjum Deildarbikarsins 2002 og féllu því viðkomandi atvik undir ofangreinda reglugerð.

## ÍA SIGRADI Í ATLANTIC BIKARNUM

Skagamenn sigruðu B36 frá Þórshöfn í Færeyjum 2-1 í svonefndum Atlantic-bikar, sem er samstarfsverkefni milli knattspyrnusambanda Íslands og Færeyja, með stuðningi opinberra aðila, en leikurinn fór einmitt fram í Þórshöfn í Færeyjum. Leikurinn verður árlegur og mun fara fram síðustu helgina í apríl á ári hverju, til skiptis í Færeyjum og á Íslandi.

## ERLENDUM LEIKMÖNNUM FÆKKAR VERULEGA

Erlendum leikmönnum á Íslandi fækkaði verulega á milli ára, voru 70 á síðasta keppnistímabili miðað við 93 árið 2001. 14 erlendir leikmenn léku í Símadeild karla, 8 í 1. deild karla, 13 í 2. deild karla, 18 í 3. deild karla og 15 í Símadeild kvenna. Eina deildin sem erlendum leikmönnum fjölgaði í var 2. deild karla. Til samanburðar má skoða töfluna yfir fjölda erlendra leikmanna hér að neðan.

Ár	Fjöldi
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	75

Alls voru 20 af 30 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 8 félaga í 3. deild. Sex af átta félögum í Símadeild kvenna voru með erlenda leikmenn, þar af Grindavík með flesta, 5 alls, og HK/Víkingur var eina félagið í 1. deild kvenna með erlenda leikmenn.

Afar misjafnt er hversu lengi erlendir leikmenn staldra við hér á landi. Einhverjir eru hér allt árið og setjast jafnvel að á landinu, sumir leika hér bróðurpart leiktímabilsins, en fara og leika í öðrum löndum yfir vetrartímam, en allt of margir leika hér aðeins örfáa leiki og hverfa síðan á braut af ýmsum ástæðum.

## KNATTSPYRNA ALLAN ÁRSINS HRING

Segja má að knattspyrnan sé að verða heilsársíprótt. Haustmót KRR eru leikin út október og Haustmót Faxaflóafélaga verða leikin út nóvember. Í lok nóvember fara fram Íslandsmót meistaraflokka karla og kvenna í innanhússknattspyrnu, en yngri flokkarnir leika í janúar og febrúar. Í janúar er áætlað að Reykjavíkurmót meistaraflokks karla hefjist og að Deildarbikarinn taki síðan við um miðjan febrúar.

## TILKYNNNT UM LEIKBÖNN MEÐ TÖLVUPÓSTI

Í samræmi við breyttar þarfir í samskiptum var ákveðið á árinu að úrskurðir aganefndar KSÍ yrðu sendir til félaga leikmanna með

tölvupósti, en áður var tilkynnt um leikbönn með símskeyti.

## KOSNINGAR FJÖLMÍÐLA

Síminn og KSÍ stóðu fyrir kosningu fjölmíðla á leikmönnum, þjálfurum, dómurum og liðum ákveðinna tímabila í Símadeildum karla og kvenna 2002. Í Símadeild karla var kosningunum skipt upp í þrjú tímabil, umferðir 1-7, 7-12 og 13-18, en í Símadeild kvenna voru tímabilin tvö, umferðir 1-7 og 8-14. Síminn veitti síðan þeim aðilum sem voru tilnefndir veglegar viðurkenningar.

## BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN

Fyrirliði bikarmeistara Fylkis, Finnur Kolbeinsson, var kjörinn leikmaður ársins í Símadeild karla 2002, en úrslit voru kunngerð á lokahófi KSÍ. Efnilegasti leikmaður Símadeildar karla var kosinn framherji ÍBV, Gunnar Heiðar Þorvaldsson. Þeir félagar voru lykilmenn í liðum sínum á síðasta keppnistímabili, Finnur sem máttarstólpi á miðju Coca-Cola bikarmeistaranna og Gunnar Heiðar sem skæður sóknarmaður í ungu liði Eyjamanna.

Ásthildur Helgadóttir, fyrirliði KR og íslenska landsliðsins, var kosin besti leikmaður Símadeildar kvenna og Björg Ásta Þórðardóttir úr Breiðabliki sú efnilegasta. Ásthildur fór fyrir liði KR, sem hafði yfirburði yfir önnur lið í deildinni. Björg Ásta vakti mikla athygli sem kraftmikill varnarmaður í liði Blikastúlkna og náði þeim áfanga á árinu að leika sinn fyrsta A-landsleik.

Bestu og efnilegustu leikmenn Símadeilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna.



## ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Þjálfarar KR í meistaraflokkki karla og kvenna voru kjörin þjálfarar ársins í Símadeildum karla og kvenna af fjölmiðlum. Willum Þór Þórsson stýrði liði sínu til sigurs í Símadeild karla, líkt og Vanda Sigurgeirsdóttir gerði í Símadeild kvenna.

## TVÆR MARKADROTTNINGAR

Olga Færseth og Ásthildur Helgadóttir deildu efsta sætinu í keppninni um markadrottningu Símadeildar kvenna. Grétar Hjartarson, Grindavík, var markahæsti leikmaður Símadeildar karla. Fengu þau að launum afhenta gullskó Adidas á lokahófi knattspyrnumanna á Broadway.

Olga og Ásthildur léku báðar alla 14 leiki KR í Símadeild kvenna og gerðu báðar 20 mörk. Hvorug þeirra missti af einni einustu mínútu í leikjum KR í deildinni, þannig að ómögulegt var að gera upp á milli þeirra. Þær hlutu því báðar Gullskó að verðlaunum. Á eftir þeim kom þriðji KR-ingurinn, Hrefna Jóhannesdóttir, með 19 mörk, og Margrét Ólafsdóttir gerði 12 mörk fyrir Breiðablik.

Grétar gerði 13 mörk fyrir Grindavík í Símadeild karla. Sævar Þór Gíslason gerði 12 mörk fyrir Fram, en þeir Sigurður Ragnar Eyjólfsson, KR, og Gunnar Heiðar Þorvaldsson, ÍBV, gerðu 11 mörk hvor fyrir sín lið.

## HÁTTVÍSIVERÐLAUN VISA

Háttvísiverðlaun KSÍ og VISA voru sem fyrr veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu hvað þrúðust á undangengnu tímabili. Í Símadeild karla byggjast þrúðmennskuverðlaun til liða á

einkunnagjöf eftirlitsmanna á leikjunum, en í Símadeild kvenna er stuðst við fjölda spjalda á lið. Háttvísinefnd valdi Ágúst Gylfason, Fram, þrúðasta leikmanninn í Símadeild karla og Ásgerði H. Ingadóttur, Val, þrúðasta leikmanninn í Símadeild kvenna. Ágúst og Ásgerður eru bæði þekkt fyrir þrúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan. ÍA og Valur voru með þrúðustu liðin, ÍA í Símadeild karla og Valur í Símadeild kvenna. Fylkir hlaut verðlaunin annað árið í röð, en Breiðablik í þriðja sinn á jafnmörgum árum. Meðaltal gulra og rauðra spjalda í Símadeild karla hækkaði heldur á milli ára. Á síðasta tímabili voru veitt 290 gul spjöld eða 3,22 að meðaltali í leik en þau rauðu voru 23 eða 0,26 að meðaltali í leik. Árið áður, 2001, voru veitt 246 gul spjöld í deildinni (2,73 í leik) og 20 rauð (0,22). Sérstakt yfirlit yfir gul og rauð spjöld má sjá í fylgiskýrslu.

## EGILL MÁR VALINN BESTI DÓMARINN

Egill Már Markússon var kjörinn besti dómari í Símadeild karla í kjöri leikmanna. Er þetta í fyrsta sinn sem Egill hlýtur þessa útnefningu, en viðurkenningin var nú afhent í 10. sinn. Egill rauf þar með einokun Gylfa Þórs Orrasonar og Kristins Jakobssonar á þessum heiðri, en hingað til höfðu þeir félagar verið þeir einu sem höfðu verið útnefndir.

## STAÐALFORM LEIKMANNASAMNINGA

Nýjar reglur um leikmannasamninga voru samþykktar á ársþingi KSÍ og tóku gildi fyrir síðasta keppnistímabil. Gömlu samningseyðblöðin féllu úr gildi og eru nú allir leikmannssamningar

gerðir á nýtt staðalform, "Staðal-samning KSÍ".

## MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Fjögur mál voru tekin formlega fyrir hjá samninga- og félagaskiptanefnd á árinu: ÍA gegn Ellerti Jóni Björnssyni, Guðni Rúnar Helgason gegn Val, Breiðablik gegn Grindavík vegna Atla Knútssonar, og erindi Grindavíkur um endurmat afreksstuðuls á Scott Ramsay. Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu. Nefndin fékk ýmis smærri ágreiningsmál til úrlausnar á árinu, án þess að um formlegt málskot væri að ræða, sem nefndarmenn og starfsmenn KSÍ leystu.

## SKRÁÐUM SAMNINGUM FÆKKAR ENN

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Símadeild karla var 105, eða nokkru færri en árin á undan. Fjöldinn var svipaður 2001 (119) og 2000 (117). Þróunin virðist vera sú að félögin hafi sífellt færri leikmenn á samningi en áður tíðkaðist, en árið 1999 var 151 samningur skráður hjá félögum í deildinni.

## FÉLAGASKIPTI Á ÁRINU

Fjöldi félagaskipta 2002 var 1.078, sem er mjög svipaður fjöldi og undanfarin ár. Árið 1999 voru félagaskiptin 1.043, 2000 voru þau 1.105 talsins, og 2001 voru þau 1.096. Í nokkrum tilfellum á síðastliðnu ári þurfti starfsfólk nefndarinnar að grípa inn í mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti og í einu tilfelli gaf stjórn KSÍ út keppnisleyfi.

## BREYTT UMHVERFI

Við gildistöku nýrrar reglugerðar FIFA um félagaskipti (tók gildi 1. sept. 2001) breyttist allt umhverfi varðandi félagaskipti milli landa. Þrátt fyrir að reglugerðin hafi tekið gildi þá eru ýmis atriði sem eru óljós og þarfnast frekari skoðunar við af hálfu FIFA. Meðan þetta ástand varir afgreiðir skrifstofa KSÍ ekki félagaskipti milli landa fyrr en eftir ítarlega skoðun.

## UMBODSMENN LEIKMANNA

Ólafur Garðarsson og Eyjólfur Bergþórsson, sem starfað hafa sem umboðsmenn leikmanna undanfarin ár, undirrituðu í apríl yfirlýsingu um framkomu, samkvæmt nýrri reglugerð fyrir umboðsmenn leikmanna, þar sem viðkomandi skuldbinda sig til að fylgja reglugerðinni og grundvallarreglum þeim sem reglugerðin byggist á. Þeir Ólafur og Eyjólfur störfuðu til nokkurra ára sem FIFA-umboðsmenn leikmanna, en 1. september síðastliðinn voru settar nýjar reglur um umboðsmenn og eru það nú knattspyrnusambönd viðkomandi landa sem gefa út starfsleyfi. Á Íslandi starfa menn því sem "KSÍ-umboðsmenn". Aðilar sem vilja starfa sem umboðsmenn leikmanna þurfa að standast skriflegt próf, en þeir Ólafur og Eyjólfur höfðu umboðsmannsréttindi fyrir og þurftu því ekki að gangast undir próf að nýju.

Í mars og september fóru fram próf fyrir þá aðila sem sóttust eftir því að gerast umboðsmenn leikmanna. Tveir þreyttu prófið í mars, en hvorugur náði tilskildu lágmarki. Seinna prófið þreyttu einnig tveir, og náði annar próftakinn, Arnór Guðjohnsen, tilsettum lágmarkum og verður KSÍ-umboðsmaður þegar gengið hefur verið frá formsatriðum. Allar spurningar á umboðsmannaprófinu eru í krossaformi, 15 spurningar frá

FIFA og 5 frá KSÍ. Til að standast próf þurfa 66% svara að vera rétt.

## RÚNAR OG ÁSTHILDUR KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

KSÍ útnefndi Rúnar Kristinsson, leikmann Lokeren í Belgíu, knattspyrnumann ársins 2002 og Ásthildi Helgadóttir, leikmann KR, knattspyrnukonu ársins 2002.

Rúnar hefur gegnt lykilhlutverki með öllum félagsliðum sínum og hefur verið lykilmaður í A-landsliði Íslands um árabíl. Rúnar hefur leikið með öllum yngri landsliðum og lék fyrst með A-landsliðinu 1987, þá aðeins 17 ára gamall. Hann er nú leikjahæsti A-landsliðsmaður Íslands frá upphafi með 96 leiki. Rúnar skaraði fram úr á knattspyrnusviðinu á árinu 2002 og er verðugur fulltrúi Íslands á innlendum sem erlendum vettvangi.

Ásthildur Helgadóttir hóf feril sinn með Breiðabliki og lék þar til ársins 1992 er hún skipti í KR. Frá 1992 hefur hún leikið með KR, Breiðabliki, ÍBV, svo og í Þýskalandi og í Bandaríkjunum. Ásthildur hefur leikið 50 leiki með A landsliði Íslands og fjölda leikja með yngri landsliðum. Hún er markahæsti leikmaður A-landsliðsins frá upphafi með 15 mörk og hefur verið fyrirliði í 15 leikjum. Ásthildur var í fararbroddi A-landsliðs kvenna í undankeppni HM sem lauk nú í haust og náði sínum besta árangri frá upphafi.

## SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

### Íslandsmeistarar karla

23 sinnum	KR
19 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram,ÍA
5 sinnum	Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík

3 sinnum	ÍBV
1 sinni	KA

### Bikarmeistarar karla

10 sinnum	KR
8 sinnum	ÍA, Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV
2 sinnum	Fylkir
2 sinnum	Keflavík
1 sinni	ÍBA,Víkingur R.

### Íslandsmeistarar kvenna

14 sinnum	Breiðablik
5 sinnum	KR
4 sinnum	FH, Valur
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Ármann

### Bikarmeistarar kvenna

8 sinnum	Breiðablik
8 sinnum	Valur
4 sinnum	ÍA
2 sinnum	KR

## DÓMARAMÁL

### BREYTINGAR HJÁ DÓMURUM

Í upphafi árs 2002 var Magnús Þórisson færður upp í A-hóp dómara. Guðmundur H Jónsson varð FIFA-aðstoðardómari, en var B-aðstoðardómari áður. Einar Sigurðsson var valinn í hóp A-aðstoðardómara, en var B-dómari áður. Svanlaugur Þorsteinsson var hækkaður upp í B-hóp. Áskell Gíslason, Halldór Breiðfjörð, Ólafur Kjartansson og Sævar Jónsson voru teknir inn sem nýir C-dómarar, auk Ásgríms Ágústar Hinrikssonar aðstoðardómara.

Í desember 2002 var lokið við flokkun ABC-dómara 2003. Ingvar Guðfinnsson færirst upp sem A-aðstoðardómari, Gunnar Sverrir Gunnarsson verður B-dómari og Ásgrímur Ágúst Hinriksson og Sigurður Óli Þorleifsson verða B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar 2003 verða Þorvaldur Árnason og Þóroddur Hjaltalín, en Oddbergur Eiríksson verður C-aðstoðardómari.

### ÆFINGAFERÐIR

Líkt og undanfarin ár fóru dómarar frá KSÍ í æfingaferðir til útlanda og dæmdu þá æfingaleiki hjá íslenskum liðum sem eru í æfingabúðum á svipuðum slóðum. Allmörgum dómurum gafst tækifæri á æfingaferð til útlanda í mars og apríl á vegum KSÍ og Úrvals/Útsýnar. Til Portúgal fóru 5 dómarar og 9 til Spánar.

### LANDSDÓMARARÁÐSTEFNA

Hin árlega landsdómararáðstefna var að þessu sinni haldin í Reykjavík í lok apríl. Aðalgestur var Keith Hackett, einn kunnasti

milliríkjadómari Englands á árum áður.

### AÐRIR FUNDIR

Fræðslufundir voru haldnir í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði með öðrum KSÍ-dómurum. Fimm dómarar tóku þátt í hæfileikamótun ungra dómara á Laugarvatni í ágúst.

### GREIÐSLUR TIL EFTIRLITSMANNA

Sú breyting varð á högum eftirlitsmanna að teknar voru upp greiðslur til þeirra fyrir útlagðan kostnað, það er vegna aksturs og uppihalds vegna eftirlitsstarfa. Hér er um mikla breytingu að ræða og verður auðveldara að gera frekari kröfur til eftirlitsmanna þegar við á.

### ÍSLENSKIR DÓMARAR Á A OG U21 LANDSLEIKJUM

Gylfi Þór Orrason dæmdi tvo A-landsleiki, vináttuleik Færeyja og Liechtenstein og viðureign Ungverjalands og San Marínó í undankeppni EM. Gylfi dæmdi að auki vináttulandsleik U21 liða Hollands og Spánar. Kristinn Jakobsson dæmdi A-vináttulandsleik Finnlands og Lettlands og U21-vináttulandsleik Englands og Júgóslavíu. Egill Már Markússon dæmdi tvo U21 vináttulandsleiki, Noregur-Svíþjóð og Skotland-Norður Írland. Bragi Bergmann dæmdi vináttulandsleik U21 liða Íslands og Ungverjalands.

Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2002 koma fram í fylgiskýrslu.

### AUKINN FJÖLDI VERKEFNA Á HVERJU ÁRI

A, B og C deildardómarar sáu um 1.311 störf í meistaraflokki karla og

kvenna (1.159 árið áður), 667 sinnum sem dómarar og 612 sinnum sem aðstoðardómarar. Að auki koma störf sem varadómarar, alþjóðleg verkefni, leikir á vegum félaga, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, æfingaleikir og innanhússmót. Sérstakt yfirlit í fylgiskýrslu sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokki árið 2002.

Um 70 aðrir dómarar (D-dómarar) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, sem og leiki í 2. flokki karla, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin.

### DÓMARANÁMSKEIÐ

Haldin voru námskeið fyrir verðandi unglíngadómara með aðstoð internetsins með svipuðum hætti og árið áður. Nemendur fengu þrisvar sinnum sent lesefni og ábendingar í tölvupósti, auk heimaverkefna. Að lokum voru 2 kennslustundir með kennara og lokapróf haldið í Reykjavík, en nemendur á smærri stöðum tóku próf í heimabyggð. Haldin voru námskeið í febrúar, apríl og nóvember og alls luku 79 dómaraefni prófi árið 2002, auk 25 nemenda sem luku prófi í Íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni.

## LANDSLIÐSMÁL

### MIKLAR VÆNTINGAR

Eftir nokkra velgengni undanfarin ár hafa væntingar til A-landslíðs karla vaxið stöðugt. Það er af sem áður var að fólk sætti sig við að gera jafntefli eða tapa naumlega á heimavelli gegn þjóðum sem taldar höfðu verið sterkari en Ísland í gegnum tíðina. Heimavöllurinn er orðinn okkar helsta vígi og á undanförunum árum, með frábærum stuðningi áhorfenda, hefur liðið leikið þar marga frábæra leiki.

Frammistaða A landslíðs kvenna var frábær á árinu og greinilegt að liðið vekur sífellt meiri athygli knattspyrnuáhugafólks, enda var áhorfendamet slegið í hverjum heimaleiknum á fætur öðrum í undankeppni HM 2003. Toppnum var náð þegar rétt tæplega 3.000 manns mættu til að styðja liðið gegn Englendingum í umspili fyrir HM síðastliðið haust.

### A LANDSLIÐ KARLA

Í byrjun ársins ferðaðist liðið til Mið-Austurlanda, þar sem leikið var gegn Kuwait og Saudi-Arabíu. Markalaust jafntefli var niðurstaðan gegn Kuwait og 0-1 tap gegn Saudi-Aröbum, sem léku á HM í Japan/Suður-Kóreu. Í mars var síðan ferðast til Brasilíu og leikið við heimamenn í borginni Cuiabá. Lið Brasilíu var skipað leikmönnum sem leika í heimalandinu og voru að keppast um að komast í hóp landslíðsins fyrir HM. Skemmst er frá því að segja að sambataktar heimamanna voru okkar piltum yfirsterkari og fór svo að Brasília sigraði 6-1, fyrir framan 50.000 áhorfendur. Ekki komust allir okkar sterkustu menn í þessa leiki, þannig að kjörið var fyrir Atla Eðvaldsson að gefa yngri mönnum

og öðrum sem leika í deildinni hér heima tækifæri á að spreyta sig.

Uppselt var á vináttulandsleik Íslands og Noregs í Bodö í maí. Leiknum lyktaði með 1-1 jafntefli, en það voru Íslendingar tem tóku forystuna í leiknum með marki Jóhannesar Karls Guðjónssonar af um 40 metra færi, beint úr aukaspyrnu. Íslenska liðið lék mjög vel í leiknum og gaf góð fyrirheit um framhaldið.

Tveir vináttuleikir til viðbótar voru leiknir á Laugardalsvelli áður en undankeppni EM 2004 hófst. Auðveldur sigur vannst á Andorra í ágúst, 3-0, en nokkur vonbrigði voru með 0-2 tap gegn Ungverjum tveimur vikum síðar.

Undankeppni EM 2004 hófst síðan með tveimur heimaleikjum með fjögurra daga millibili í október, gegn Skotum og Litháum. Miklar væntingar voru gerðar til liðsins fyrir leikinn gegn Skotum og voru því vonbrigði með 0-2 tap, þrátt fyrir ágæta frammistöðu í leiknum. Öruggur þriggja marka sigur á Litháen kom liðinu á réttan kjöl að nýju og verður spennandi að sjá hvernig liðinu reidir af í næstu leikjum í undankeppninni.

Í nóvember fór síðan fram vináttulandsleikur gegn Eistlandi á snævi þöktum velli í Tallinn. Leikurinn verður eflaust flestum lengi í minni vegna afar bágborinna aðstæðna, en völlurinn var hreinlega á kaf í snjó. Leikurinn fór þó fram og höfðu heimamenn betur, 2-0.

### U21 LANDSLIÐ KARLA

Fyrstu verkefni Ólafs Þórðarsonar með U21 liðið voru vináttulandsleikir gegn geysisterku liði Frakka í ágúst og síðan gegn Ungverjalandi í september. Margir nýliðar voru í íslenska liðinu sem mætti Frökkum í Brive, en þrátt

fyrir það stóðu piltarnir sig mjög vel. Frakkar höfðu þó betur þegar upp var staðið, 2-1. Ungverjar voru síðan lagðir að velli, 2-0, á Egilsstöðum þar sem íslenska liðið sýndi afbragðs leik.

Undankeppni EM hófst síðan í október með tveimur heimaleikjum, gegn Skotum og Litháum, líkt og hjá A-liðinu. Vonbrigði voru með úrslitin í þessum leikjum þar sem báðir töpuðust og ekkert stig því komið í hús. Skotar sigruðu 2-0 í Kaplakrika og Litháar höfðu betur á Skaganum, 2-1.

### U19 LANDSLIÐ KARLA

Guðni Kjartansson stjórnaði U19 landsliði karla á árinu, en hann byrjaði með liðið árið 1992.

Í byrjun október var leikinn vináttulandsleikur gegn Norðmönnum í Osló. Leikurinn var geysilega fjörugur og buðu liðin upp á mikla markaveislu, en leiknum lyktaði með sigri þeirra norsku, 5-3.

Undanriðill Evrópumótsins fór fram í Slóveníu seinni part októbermánaðar. Íslenska liðið fékk ekkert stig út úr leikjunum þremur, töpuðu 1-3 gegn Júgóslövu, 1-2 gegn Skotlandi og 1-2 gegn heimalöndmönnum.

### U17 LANDSLIÐ KARLA

Árið 2002 var síðasta ár Magnúsar Gylfasonar með U17 lið karla. Liðið lék alls 10 leiki á árinu, tók þátt í móti á Spáni og lék síðan á Opna Norðurlandamótinu og í undankeppni EM.

Fyrsta verkefni ársins var fjölþjóðlegt mót á Spáni í apríl, þar sem liðið lék þrjá leiki. Sigur vannst á Georgíu, 3-1, síðan 2-2 jafntefli gegn Azerbajjan og að lokum 0-2 tap gegn Moldavíu.

Opna NM fór að þessu sinni fram í Svíþjóð og var íslenska liðið í riðli með Slóvakíu, Danmörku og Finnlandi. Liðið fór taplaust í gegnum riðilinn, gerði jafntefli við Slóvaka (0-0) og Finna (1-1), en sigraði Dani 3-0. Þegar hér var komið var orðið ljóst að íslenska liðið hafði ekki einungis tryggt sér sæti í úrslitaleiknum, heldur var Norðurlandameistararitillinn í höfn, þar sem mótherjarnir í úrslitaleiknum voru Englendingar, sem geta ekki talist NM-meistarar þar sem þeir eru auðvitað ekki Norðurlandþjóð. Úrslitaleikurinn fór engu að síður fram og þar höfðu þeir ensku betur með gullmarki í framlengingu. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland verður Norðurlandameistari í þessum aldursflokki.

Undanriðill EM fór fram hér á landi í september. Íslenska liðið gerði markalaust jafntefli gegn Ísrael í fyrsta leik, sem fram fór á Akranesi, tapaði síðan 0-2 gegn Sviss í Keflavík og gerði 1-1 jafntefli við Armena í lokaleiknum, á Víkingsvelli. Íslenska liðið var því úr leik, en Sviss og Ísrael fóru áfram í keppinni.

## ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman rúmlega 60 drengir og fór mótið vel fram. Úrtökumót þetta er haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í drengjalandslíðið 2003 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur. Samhliða þessu fór fram hæfileikamótun ungra dómara og sáu þeir m.a. um dómgæslu á mótinu. Freyr Sverrisson, þjálfari U15 karla, sá um val á leikmönnum og framkvæmd úrtökumótsins.

## LÚKAS ÞJÁLFAFAR U17 KARLA

Lúkas Kostic var ráðinn þjálfari U17 landsliðs karla til eins árs og

tók hann við af Magnúsi Gylfasyni, sem mun nú stjórna liði ÍBV í Símadeild karla. Lúkas hefur á síðustu árum m.a. þjálfað meistaraflökka Þórs, Grindavíkur, KR og Víkings R.

## GUÐNI AÐSTOÐAR ATLA

Í byrjun 2002 var Guðni Kjartansson ráðinn aðstoðarmaður Atla Eðvaldssonar landsliðsþjálfara jafnframt því sem hann mun þjálfar U19 landslið karla. Guðni er ekki alveg ókunnugur A-landsliðinu, því hann var þjálfari liðsins árin 1980 og 1981 og í einum leik 1989. Fyrstu verkefni Guðna með A-landsliðinu í þetta sinn voru vináttulandsleikir gegn Kuwait og Saudi-Arabíu.

## NÝTT FYRIRKOMULAG HJÁ U17 OG U19 KARLA

Nýtt keppnisfyrirkomulag er nú í Evrópukeppnum U17 og U19 landsliða karla. Áður komst aðeins eitt lið upp úr hverjum riðli í undankeppninni, en þessu hefur nú verið breytt þannig að tvö lið fara áfram úr undanriðlum í milliriðla og sigurvegarar milliriðlanna fara síðan áfram í lokakeppnina, auk þess að í úrslitakeppni U17 verða framvegis 8 lið í stað 16 áður. Þessi breyting er afar jákvæð fyrir íslensku liðin þar sem mun meiri möguleikar eru á að komast áfram í milliriðil og leikjum liðanna myndi þá fjölga talsvert.

## NETÁSKRIFT Á LANDSLEIKI

Vináttuleikurinn gegn Andorra var sá fyrsti af fjórum heimaleikjum þar fólki var boðið upp á að kaupa miða í netáskrift í gegnum ksi.is og esso.is. Þannig gat fólk tryggt sér miða á alla þessa leiki í einu á einstaklega hagstæðu verði, auk þess sem veittur var 50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri.

## UM 50 ATVINNUMENN ERLENDIS

Í dag eru um 50 Íslendingar atvinnumenn með erlendum liðum. Flestir leika í Noregi og í Englandi, en íslenskir leikmenn eru einnig hjá liðum í Austurríki, Belgíu, Danmörku, Hollandi, Skotlandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Atvinnumönnum fjölgaði verulega eftir Bosman-dóminn svokallaða, en fækkaði síðan eilítið og virðist fjöldinn nú vera stöðugur.

## RÍKHARÐUR ÞARF ÞRJÚ MÖRK TIL AÐ JAFNA METIÐ

Ríkharður Daðason skoraði tvö mörk fyrir íslenska landsliðið á síðasta ári, bæði í vináttulandsleiknum gegn Andorra, þar sem íslenska liðið sigraði 3-0. Ríkharður hefur nú gert alls 14 mörk fyrir A-landslið karla, hefur jafnað Arnór Guðjohnsen í 2. sæti og þarf aðeins þrjú mörk til viðbótar til að jafna met afa síns, Ríkhards Jónssonar, sem gerði 17 mörk. Ríkharður á væntanlega enn nokkur ár eftir með landsliðinu og mun hann því að öllum líkindum gera harða hrið að metinu áður en yfir lýkur.

## VANTAR FJÓRA LEIKI TIL AÐ NÁ HUNDRADINU

Rúnar Kristinsson, leikmaður með Lokeren í Belgíu, setur nýtt met með hverjum landsleiknum sem hann tekur þátt í. Rúnar lék sinn fyrsta A-landsleik í október 1987, er hann kom inn á sem varamaður í 2-0 tapi gegn liði Sovétríkjanna í Simferopol, þá 18 ára gamall. Hann hefur nú leikið 96 leiki og skorað í þeim 3 mörk.

Rúnar á mikla möguleika á að verða fyrsti Íslendingurinn til að rjúfa 100 leikja múrinn og vonandi tekst honum það á árinu 2003.

Rúnar er lykilmáður í íslenska landsliðinu og mun væntanlega vera það áfram næstu ár.

### ÍSLAND Í 58. SÆTI Á STYRKLEIKALISTA FIFA

Ísland var í 58. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2002, sem gefinn var út í desember síðastliðnum, og fellur því um sex sæti frá árinu áður. Heimsmeistarar Brasilíu eru efstir, Frakkar í 2. sæti og Spánverjar í því þriðja. Ef eingöngu Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 32. sæti meðal Evrópuþjóða.

### 45 LANDSLEIKIR Á ÁRINU

Á árinu léku landslið Íslands samtals 45 leiki, en þar af voru 18 leikir kvennaliða. Landsleikjum karla fækkaði frá árinu á undan, en árið 2001 voru þeir 32, miðað við 27 í ár. U17 lið karla lék flesta leiki allra liða, eða 10.

### NÝIR OG GAMLIR MÓTHERJAR Í EM

Ísland hefur aldrei áður verið í riðli með Þýskalandi eða Færeyjum í undankeppni stórmóts, hvorki í undankeppni EM né HM. Reyndar höfum við verið í riðli með Austur-Þýskalandi, en aldrei Vestur-Þýskalandi, og höfum aldrei mætt Þjóðverjum eftir sameininguna. Ísland var með Litháen í riðli í undankeppni HM 1998 og Skotlandi í undankeppni HM 1986.

### EM 2008 VERÐUR Í AUSTURRÍKI OG SVISS

Tilkynnt hefur verið að Austurríki og Sviss muni halda úrslitakeppni EM 2008, en umsókn þeirra hlaut meirihluta atkvæða meðlima framkvæmdastjórnar UEFA. Norður-

löndin sóttu í sameiningu um að halda keppnina og átti Ísland aðild að þeirri umsókn.

### A LANDSLIÐ KVENNA

Undankeppni HM kvennalandsliða hélt áfram á árinu. Frammistaða Íslands þar frábær, undir styrkri stjórn Jörundar Áka Sveinssonar.

Fyrsti leikur ársins var þó vináttulandsleikur gegn Svíum í Gautaborg. Skemmst er frá því að segja að Svíar höfðu mikla yfirburði í leiknum og gjörsiguðu okkar stúlkur, 6-0. Næst var leikið gegn Rússum á útivelli í undankeppni HM og lauk þeim leik með 1-1 jafntefli. Í maí vannst frábær sigur á Spánverjum, 3-0, og 10 dögum síðar gerði liðið markalaust jafntefli við Ítalíu á Sikiley. Með stigunum úr þessum leikjum komst Ísland upp úr riðlinum og tryggði sér sæti í umspili við Engendinga.

Leikirnir gegn Englandi voru stórskemmtilegir og frábær auglýsing fyrir kvennaknattspyrnu. Þær ensku höfðu betur 3-2 samanlagt, eftir 2-2 jafntefli á Laugardalsvelli fyrir framan tæplega 3.000 áhorfendur, og 0-1 tap í Birmingham á Englandi. Hefði liðið sigrað England hefði það leikið gegn Frökkum í 2. umferð umspils til að ákvarða endanlega hvaða lið færi á HM.

### U21 LANDSLIÐ KVENNA

Jörundur Áki Sveinsson þjálfaði U21 lið kvenna samhliða því að vera með A-liðið, en Auður Skúladóttir stjórnaði liðinu á Opna NM.

Fyrsta verkefni U21 landsliðs kvenna var vináttuleikur gegn Finnum á Selfossi í júlí, þar sem gestirnir höfðu betur, 1-0. Liðið hélt síðan á Opna Norðurlanda-

mótið, sem að þessu sinni fór fram í Finnlandi í lok júlí. Í riðlakeppninni tapaði liðið öllum leikjunum, gegn Finnlandi, Danmörku og Þýskalandi, skoraði ekkert mark, en fékk á sig ellefu. Í leik um sæti var leikið gegn Grikkjum, og lyktaði þeim leik með 1-1 jafntefli.

### U19 LANDSLIÐ KVENNA

U19 lið kvenna, undir stjórn Ólafs Þórs Guðbjörnssonar, tók þátt í undankeppni EM á árinu. Frammistaðan olli nokkrum vonbrigðum eftir góðan árangur ársins á undan.

Undanriðillinn fór fram í Póllandi í byrjun október. Eftir 1-0 sigur á Bosníu-Hersegóvínu í fyrsta leik tapaði liðið 2-5 fyrir Pólverjum og gerði 2-2 jafntefli við Belga. Liðið hafnaði í 3. sæti og var því úr leik.

### U17 LANDSLIÐ KVENNA

Opna Norðurlandamótið fór fram á Íslandi í byrjun júlí. Íslenska liðið stóð sig mjög vel á mótinu og vöktu leikmenn liðsins mikla athygli með góðri spilamennsku. Riðlakeppnin byrjaði með öruggum 3-0 sigri á Finnum í Grindavík, Danir sigruðu síðan íslenska liðið 4-2 í Mosfellsbæ, en með 1-1 jafntefli gegn Þjóðverjum að Hlíðarenda tryggði íslenska liðið sér sæti í leiknum um 3. sætið, sem fram fór á KR-velli að viðstöddum fjölmörgum áhorfendum. Mótherjarnir voru Hollendingar, sem áttu ekkert svar við stórleik okkar stúlkna, sem sigruðu með tveimur mörkum gegn engu. Þriðja sætið nú er besti árangur U17 liðs kvenna á NM frá upphafi. Þjálfari U17 kvenna var Ragnhildur Skúladóttir.

### A-LIÐ KVENNA Í STERKUM EM RIÐLI

Í lok árs var dregið í riðla í undankeppni Evrópumóts kvenna-

landsliða 2005. Íslenska liðið, sem var í þriðja styrkleikaflokki, dróst í 3. riðil ásamt Rússlandi úr fyrsta styrkleikaflokki, Frakklandi úr öðrum flokki, Ungverjalandi úr fjórða flokki og Póllandi úr fimmta styrkleikaflokki.

### FJÓRAR LÉKU ERLENDIS

Fjórir leikmenn A-landsliðs kvenna léku með félagliðum erlendis á árinu. Katrín Jónsdóttir lék með Kolbotn í Noregi, Guðlaug Jónsdóttir með Brøndby í Danmörku og gekk síðan til liðs við FV Köbenhavn um sumarið 2002, Erla Hendriksdóttir lék með FV Köbenhavn í Danmörku og Rakel Ögmundsdóttir var á mála hjá Philadelphia Charge í Bandaríkjunum.

### MARGRÉT OG ÁSTHILDUR Í 50 LANDSLEIKI

Margrét R. Ólafsdóttir lék 50. A-landsleik sinn í fyrri viðureigninni gegn Englandi í Undankeppni HM. Margrét var fyrsta konan sem náði þessum áfanga og er hún jafnframt leikjahæsta landsliðskonan frá upphafi. Ásthildur Helgadóttir lék einnig 50. landsleikinn á árinu, í síðari viðureigninni gegn Englandi. Þær stóllur fengu afhent málverk eftir Jón Reykdal í tilefni af áfanganum.

### AUGLÝSINGAR A-KVENNA VEKJA ATHYGLI ERLENDIS

A landslið kvenna hefur haft það til síðs undanfarin misseri að gera sérstök veggspjöld til að auglýsa leiki liðsins. Þetta uppátæki hefur gefið einstaklega góða raun og hefur verið til þess að vekja mikla athygli á liðinu og árangri þess. Veggspjöld þessi eru farin að vekja athygli erlendis og mikið var um fyrirspurnir fjölmiðla og safnara í

Englandi um veggspjöldin um það leyti sem þjóðirnar áttust við í umspili í haust fyrir HM kvenna-landsliða.

### AUÐUR AÐSTOÐAÐI JÖRUND MEÐ U21 LIÐ KVENNA

Auður Skúladóttir var ráðin sem aðstoðarmaður Jörundar Áka Sveinssonar með U21 landslið kvenna, og stýrði hún liðinu á Norðurlandamótinu í Finnlandi í lok júlí. Auður hefur lokið KSÍ III stigi (C-stigi) í þjálfaramenntun og hefur þjálfað meistaraflokk kvenna hjá Stjörnunni, auk þess að vera með mikla reynslu af þjálfun yngri flokka. Auður hefur leikið 34 A-landsleiki fyrir Íslands hönd, þar af 9 sem fyrirliði.



### EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

#### BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Það verður að segjast eins og er að á heildina litið var árangur íslenskra félagliða ekki nógu góður á síðasta ári. Íslensk lið léku alls 10 leiki í Evrópukeppnum á árinu, tveimur færri en 2001, sigruðu aðeins í einum leik og gerðu tvö jafntefli, en sjö leikir töpuðust. Þó ber að geta þess að um nokkuð sterka mótherja var að ræða.

#### MEISTARADEILD EVRÓPU

ÍA lék í forkeppni Meistaradeildar Evrópu og mætti þar FK Zeljeznicar frá Bosnía-Hersegóvínu í 1. umferð forkeppinnar. Skagarmenn töpuðu fyrri leiknum, á útivelli, 0-3, og seinni leiknum á Akranesi, 0-1. Evrópuævintýrið

var því úti það árið hjá Skagapiltum.

### EVROPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA

ÍBV og Fylkir voru fulltrúar Íslands í Evrópukeppni félagliða. Bæði lið þurftu að komast í gegnum eina umferð í forkeppni áður en þau kæmst í 1. umferð sjálfrar aðalkeppinnar. Hvorugu liðinu tókst það ætlunarverk sitt. Eyjamenn töpuðu fyrir AIK Solna frá Svíþjóð, 2-5 samanlagt (0-2 í Stokkhólmi og 1-3 á Hásteinsvelli), en Fylkir beið lægri hlut fyrir belgíska liðinu Excelsior Mouscron, 2-4 samanlagt (1-1 á Laugardalsvelli og 1-3 í Belgíu). Fylkir lék heimaleik sinn á Laugardalsvelli til þess að uppfylla kröfur UEFA um aðstöðu fyrir áhorfendur.

### INTERTOTO-KEPPNIN

FH tók þátt í Intertoto-keppninni fyrir Íslands hönd að þessu sinni. Í 1. umferð sigraði FH útileikinn gegn FK Cementarnica 3-1, og komust áfram samanlagt, þrátt fyrir 1-2 tap á Laugardalsvöllinum í seinni leiknum. Í 2. umferð mættu Hafnfirðingar geysisterku liði Villareal CF frá Spáni og stóðu sig mjög vel. Töpuðu reyndar fyrri leiknum, á Spáni, 1-2, en gerðu síðan 2-2 jafntefli í bráðskemmtilegum leik í Kaplakrika. FH lék heimaleik sinn í 1. umferð á Laugardalsvelli þar sem leikvöllurinn í Kaplakrika var ekki tilbúinn eftir miklar endurbætur.

### HÁTTVÍSKEPPNI UEFA

Milli aðildarlanda UEFA er keppni um þrjú laus sæti í Evrópukeppni félagliða, sem fer þannig fram að eftirlitsmenn UEFA í landsleikjum allra landsliða og Evrópukeppnum félagliða gefa einkunn um háttvísi. Til að eiga möguleika á að komast í

pottinn verður viðkomandi land að hafa náð meðaleinkunninni 8,0 og að hafa leikið tilskilinn fjölda leikja í keppnum á vegum UEFA, en að þessu sinni náðu 16 lönd lágmarkinu. Ísland var með yfir 8,00 í meðaltal í háttvísieinkunn hjá eftirlitsmönnum UEFA á liðnu keppnistímabili og átti því möguleika. Grindavík, sem hefði orðið fulltrúi Íslands, hafði þó ekki heppnina með sér, heldur voru heilladisirnar á bandi enska félagsins Ipswich Town og Sigma Olomouc frá Tékklandi að þessu sinni.

### EVROPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA KVENNA

Á árinu fór Evrópukeppni félagsliða kvenna fram í 2. sinn. Leikið var í átta riðlum í fyrstu umferð og voru Íslandsmeistarar Breiðabliks í riðli með danska liðinu Fortuna Hjörning, FC Codru Anenii Noi frá Moldavíu og FC Bobruichanka, en síðastnefnda liðið er frá Hvíta-Rússlandi og þar fór riðillinn fram. KR lék í keppninni 2001 og var þá í riðli með þessu sama hvít-rússneska liði.

Breiðablik tapaði naumlega í fyrsta leik gegn gestgjöfunum, 2-3, en steinlá síðan 0-9 gegn dönsku meisturunum frá Hjörning, sem sigruðu örugglega í riðlinum. Sigur vannst í síðasta leiknum, gegn FC Codru, og því höfnuðu Blikastúlkur í 3. sæti riðilsins.

Frammistaða Blikastúlkna var þeim til sóma og er ljóst að afar mikilvægt er fyrir kvennaknattspyrnuna í landinu að íslensk kvinnalið taki þátt í Evrópukeppni þegar tækifæri býðst.



## MANNVIRKJAMÁL

### LEYFISKERFIÐ EITT AF MEGINMÁLUNUM

Aðlögun leyfiskerfis UEFA að íslenskum aðstæðum hvað varðar knattspyrnumannvirki var eitt af meginmálum ársins. Með samþykkt leyfiskerfis KSÍ aukast kröfurnar til mannvirkja hjá Símadeildarfélögunum verulega, t.a.m. verður krafist yfirbyggðrar áhorfendastúku fyrir um 1.000 manns. Undirtektir sveitarfélaga og félaganna fyrir þessum þörfum eru þó góðar og vilji er til að þetta nái að ganga eftir. Með þeirri aðlögun sem sótt hefur verið um til UEFA vegna leyfiskerfisins, og fengist, þá á áhorfendaaðstaða og önnur nauðsynleg aðstaða á völlum í Símadeildinni að vera komin í mjög gott horf eftir 3-4 ár.

### NORRÆNT ÞING MANNVIRKJANEFNDA

Norrænt þing mannvirkjanefnda var haldið á Íslandi 14.-17. mars. Farið var yfir þau verkefni í mannvirkjamálum knattspyrnunnar, sem efst eru á baugi í einstökum löndum, m.a. stöðuna í uppbyggingu gervigrasvalla og knattspyrnuhúsa og hvernig leyfiskerfi UEFA hefur áhrif varðandi almenna uppbyggingu knattspyrnumannvirkja í löndunum. Sérstök kynning var á nýju knattspyrnuhúsunum á Íslandi og voru Reykjaneshöll, Egilshöll og Fífan heimsóttar. Þá var fjallað sérstaklega um uppbyggingu leikvanga í löndunum, m.a. með tilliti til leyfiskerfis UEFA. Farið var yfir stöðuna varðandi þróun á stöðlum fyrir gervigras og starf norræna vinnuhópsins í þeim málum og samvinnu hans við UEFA og FIFA.

## KNATTSPYRNUHALLIRNAR ORÐNAR FJÓRAR

Tvær nýjar knattspyrnuhallir voru teknar í notkun á síðasta ári, Egilshöll í Grafarvogi og Fífan í Kópavogi. Að auki var Boginn á Akureyri tekinn formlega í notkun í janúar 2003. Með Reykjaneshöllinni eru knattspyrnuhallirnar því orðnar fjórar. Óhætt er að segja að um algjöra byltingu sé að ræða í aðstöðu fyrir knattspyrnufólk, enda gera þessar hallir fólki kleift að æfa og keppa við kjöraðstæður allan ársins hring.



## FRÆÐSLUMÁL

### ÞJÁLFAFARMENNTUN

Stærsta verkefni starfsársins var að ganga frá umsókn KSÍ að þjálfarafarmenntunarsáttmála UEFA. Í umsókn okkar til UEFA sóttum við um að þjálfaranámskeið KSÍ nr. I, II, III og IV yrðu metin jafngild UEFA-B þjálfararéttindum en það er fyrsta þjálfaragráða UEFA. Fræðslunefnd vonast eftir að fá lokasamþykki á næsta fundi hjá JIRA, nefnd UEFA um þjálfarafarmenntun, í maí 2003. Jafnframt hefur verið ákveðið að hefja undirbúning á umsókn okkar að fá viðurkenningu á UEFA-A þjálfaragráðunni, sem er næsta þjálfaragráða fyrir ofan UEFA-B. UEFA-Pro gráða er svo efsta þjálfaragráða UEFA og munum við væntanlega reyna að vera í samstarfi við hin Norðurlöndin um að fá að senda til þeirra þá þjálfara sem vilja ljúka þessari gráðu í framtíðinni.

### NÁMSKEIDAHALD

Metþátttaka var á þjálfaranámskeiðum á árinu, en alls sóttu 147



Þjálfarar sér menntun á námskeið KSÍ árið 2002. Til samanburðar má nefna að 109 þjálfarar sóttu námskeiðin árið 2002. Reikna má með aukinni þátttöku á þjálfaranámskeiðum KSÍ næstu árin vegna leyfiskerfisins en þar verður nú krafist aukinnar menntunar þjálfara.

### ERLEND SAMSKIPTI

KSÍ hefur verið virkt í því að taka þátt í ráðstefnum og námskeiðum erlendis og eru fræðslumálin þar engin undantekning.

Ragnhildur Skúladóttir var fulltrúi KSÍ á norrænni ráðstefnu um barna- og unglingsþróttir er haldin var í Danmörku 19-22. september.

Guðni Kjartansson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri KSÍ, sóttu ráðstefnu í Varsjá á vegum UEFA 23.-25. september vegna uppgjors á HM í knattspyrnu.

Sömuleiðis sótti Sigurður Ragnar Eyjólfsson ráðstefnu í Flórens á vegum UEFA 26-28. nóvember um Futsal (innanhúsknattspyrnu).

Atli Eðvaldsson, Magnús Gylfason, Ólafur Þórðarson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson sóttu norræna ráðstefnu í Eerikkila í Finnlandi 10.-13. desember, þar sem fjallað var um þjálfun ungra leikmanna, uppgjör á HM, stöðu og framtíð kvinnaknattspyrnunnar á Norðurlöndunum og hæfileikamótun.

### KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR

Knattspyrnskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Skóli stúlkanna fór fram dagana 18.-22. júní og sótti hann 51 stúlka. Ragnhildur Skúladóttir var skólustjóri og henni til aðstoðar Brynja Guðjónsdóttir. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 23.-27. júní, en hann sóttu samtals 48 drengir.

Freyr Sverrisson var skólustjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Þekktir leikmenn og þjálfarar komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

### KNATTÞRAUTIR

KSÍ og Síminn í samvinnu við þjálfara efndu til knattþrauta fyrir krakka í 5. flokki karla og 4. flokki kvenna í sumar. Markmiðið var að efla knatttækni í þessum aldurshópi og voru 2 drengjum og 2 stúlkum frá hverju Símadeildarliði veitt verðlaun fyrir mestu framfarir á vináttulandsleik Íslands og Andorra í ágúst.

### ÚTBREIÐSLUSTARF

Ráðist var í stórt útbreiðsluverkefni á árinu í tengslum við HM í knattspyrnu sem fékk heitið *HM heimur* og var haldið í Vetrargarði Smáralindar í samvinnu við nokkur fyrirtæki og styrktaraðila KSÍ. Dagskráin var fjölbreytt, m.a. gátu gestir Smáralindar farið í skallatennis á strandblakvelli, haldnar voru ýmsar keppnir, t.d. í að halda bolta á lofti, skothörku-mælingar, og að hitta bolta í gegnum KSÍ dúkinn og Coca-Cola skiltið. Börn og unglingar gátu tekið þátt í knattþrautum sem aðildarfélagin voru virk í að stjórna, ásamt því að haldin var vegleg sýning á keppnistreyjum landsliðsmanna fyrr og síðar. Hápunktur verkefnisins var svo uppboð á sérvöldum keppnistreyjum og safnaðist þar nær hálf milljón króna til styrktar *Krafti* (styrktarfélag ungra krabbameins-sjúklinga og þeirra aðstandenda). Þá nýttist þessi vettvangur m.a. til að kynna kvinnaknattspyrnu og leiki A-landsliðs kvenna.



## ANNAD

### EGGERT KJÖRINN Í FRAMKVÆMDASTJÓRN UEFA

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, var kjörinn í framkvæmdastjórn UEFA, á þingi sambandsins sem fram fór í Stokkhólmi í apríl. Eggert komst inn í 1. umferð atkvæðagreiðslunnar ásamt þremur öðrum, en til þess að komast inn þurfti hann að fá atkvæði frá minnst 50% aðildarlandanna, eða frá 26 af 51 landi. Lennart Johansson var endurkjörinn forseti UEFA til fjögurra ára, en hann hefur nú setið á forsetastóli í 12 ár.

### MIKIL UMFERÐ UM VEF KSÍ

Í júní 2000 opnaði KSÍ heimasíðu sína undir slóðinni [www.ksi.is](http://www.ksi.is). Heimasíðan hefur verið vel sótt frá opnun hennar og verður sífellt vinsælli. Heimsóknir á síðuna hafa vaxið mjög ört og segja má að í hverjum mánuði á síðasta ári hafi verið milli 10.000 og 20.000 fleiri heimsóknir í hverjum mánuði miðað við sömu mánuði árið 2001.

Á heimasíðunni er að finna gífurlegt magn upplýsinga um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, og margt, margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í móta-kerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á heimasíðunni og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist.

Aðildarfélag sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að [ksi.is](http://ksi.is). Með því móti er þjónusta við knattspyrnuáhugasöflok aukin verulega, þar sem úrslit úr öllum

leikjum og staða í öllum flokkum á vegum KSÍ uppfærast mun hraðar. Þetta hefur gengið vel í flestum tilfellum, en sums staðar þurfa félögin að taka sig verulega á. Með skráningu á vefinn er þjónusta við félagsmenn aukin verulega og afar mikilvægt er að félögin geri sér grein fyrir þessu.

UEFA stóð fyrir ráðstefnu dagana 7. og 8. febrúar um Internetmál hjá knattspyrnusamböndum í Evrópu og hjá UEFA sjálfu. Þetta var í fyrsta sinn sem ráðstefna þessi er haldin og fór hún fram í höfuðstöðvum UEFA í Sviss. Tilgangur ráðstefnunnar er m.a. að efla samstarf aðildarlandanna og UEFA á sviði Internetmála og hafa fyrstu skrefin í því samstarfi þegar verið stigin.

Vefsíður gegna sífellt mikilvægara hlutverki í knattspyrnuhreyfingunni um allan heim. Auknar vinsældir og aukin umfjöllun íþróttarinnar kalla á auknið og auðveldara aðgengi að upplýsingum fyrir alla þá aðila sem koma að knattspyrnunni, s.s. stuðningsmenn, félög og fjölmiðla.

### SAMSTARFSADILAR KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands á mikið og gott samstarf við mörg fyrirtæki sem starfa á ólíkum vettvangi. Opinberir samstarfsaðilar KSÍ á árinu voru Hekla, Síminn, Sjóvá-Almennar, VISA, EJS, Olíufélagið (ESSO), Vífilfell (Coca-Cola), Icelandair, Norðurljós (Sýn), Skýrr, Íslenskar getraunir, Eimskip, Errea og Búnaðarbankinn. Þá átti KSÍ í góðu samstarfi við Guðmund Jónasson, Gott fólk, Ísspor, Leppin sport, Icelandair-hotels og fleiri þjónustufyrirtæki.

### ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í KNATTSPYRNU

Um miðjan mars fóru fram Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu á Selfossi. Íslandsleikarnir eru liður í Evrópuverkefni Special Olympics og er Íþróttasamband fatlaðra umsjónaraðili Special Olympics hér á landi, en KSÍ aðstoðaði ÍF vegna leikanna nú eins og í fyrra.

### LEYFISKERFI KSÍ

Í kjölfarið á ákvörðun UEFA um að setja upp leyfiskerfi fyrir öll félög sem taka þátt í Evrópumótum félagsliða, hefur KSÍ ákveðið að taka upp leyfiskerfi í Símadeild karla, sem tekur gildi fyrir keppnistímabilið 2003. Leyfiskerfi KSÍ tekur mið af lágmarkskröfum UEFA, nema þar sem UEFA hefur samþykkt undanþágu, og hefur Leyfiskerfi KSÍ verið aðlagð að íslenskum aðstæðum. Með því að taka upp leyfiskerfi er leitast við að ná markmiðum sem eru til þess gerð að efla og bæta enn frekar gæði á öllum sviðum knattspyrnunnar á Íslandi.

Í kerfinu verða félög að mæta lágmarkskröfum á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, aðstöðu til æfinga, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst fjármálum.

### KNATTSPYRNAN LANGVINSÆLUST

Samkvæmt starfsskýrslum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ af öllum sersamböndunum. Tölur ÍSÍ sýna að knattspyrnuíðkendur árið 2001 voru 16.553. Næst er golfið með 10.096 iðkendur og hestaiþróttir með 7.405.

### KÆRUMÁL

Alls komu fimm kærur upp á árinu. Athyglisvert er að fjögur þeirra komu upp í yngri flokkum.

Selfoss kærði Aftureldingu vegna leiks í 2. flokki karla og Keflavík kærði Fjölni vegna leiks í 3. flokki karla, en báðum kærur var vísað frá dómi þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði 6. greinar um Dómstól KSÍ.

KA kærði Stjörnuna vegna framkvæmdar leiks í 2. flokki karla, en Dómstóll KSÍ úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa.

Afturelding kærði ÍA þar sem þeir fyrrnefndu töldu Skagamenn hafa haft á ólöglegu liði að skipa í viðureign liðanna í úrslitakeppni 5. flokks karla. Upprunalegri kærur var vísað frá dómi þar sem hún uppfyllti ekki skilyrði 6. greinar um Dómstól KSÍ, en Afturelding sendi inn endurbætta kærur innan tíamarka. ÍA ákvað að draga lið sitt úr úrslitakeppninni og í kjölfarið var kærur Aftureldingar dregin til baka.

Reynir S. kærði Leikni F. þar sem Sandgerðingar töldu Leiknismenn hafa notað ólöglegan leikmann í viðureignum liðanna í úrslitakeppni 3. deildar karla. Dómstóll KSÍ hafnaði kröfum Reynis og úrskurðaði að úrslit leikjanna skyldu standa óbreytt.

•••••

### FJÁRMÁL

#### FJÁRMAGN FRÁ UEFA TIL ÍSLENSKRA FÉLAGSLIDA

UEFA ákvað á síðasta ári, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistara-

deildinni 2001/2002 skuli renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna og unglunga hjá þessum félögum.

Stjórn KSÍ ákvað að þessa greiðslu vegna Meistaradeildar UEFA 2001/2002 hlytu félög í Símadeildinni 2000 - alls 10 félög, og hlýtur hvert þeirra kr. 1.640.329. Þau eru KR, Fylkir, Grindavík, ÍBV, ÍA, Keflavík, Breiðablik, Fram, Stjarnan og Leiftur.

Félögin í Símadeild karla 2001 hljóta síðan greiðslu til barna- og unglungastarfs frá UEFA eftir sömu reglum sumarið 2003, o.s.frv.

KSÍ setti síðan ákveðnar kvaðir á þau aðildarfélög sín sem hljóta þessa greiðslu. Meðal annars skal greiðslan til félaganna renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks. Verkefni sem KSÍ leggur áherslu á eru fjölgun iðkenda og um leið fjölgun menntaðra þjálfara að störfum hjá félögunum. Þá geta félögin staðið fyrir nýjum þáttum í barna- og unglungastarfi sínu t.d. með námskeiðum eða knattspyrnskólum.

## 121 MILLJÓN KRÓNA FRÁ UEFA OG FIFA

KSÍ sjálft fékk alls 77,6 milljónir króna frá UEFA og FIFA á árinu, en íslensk félagslið fengu 43,6

milljónir króna frá UEFA og er þetta fjármagn geysilega mikilvægt fyrir uppbyggingu íslenskrar knattspyrnu.

## TÆPAR 10 MILLJÓNIR TIL AÐILDARFÉLAGA KSÍ

Stjórn KSÍ ákvað á stjórnarfundum 15. janúar síðastliinn að greiða tæpar 10 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ, á sama hátt og gert var á síðasta ári, sem gjaldfærast á starfsárið 2002.

Alls fengu 57 aðildarfélög KSÍ sem sendu lið til keppni í mót á vegum KSÍ í yngri aldursflokki utanhúss 2002 framlag frá sambandinu. Félög sem sendu lið til keppni í yngri flokki beggja kynja fengu 200 þúsund kr. hvert, en félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokki annars hvors kynsins 125 þúsund kr. hvert. Þá fengu félög sem voru aðilar að einu samstarfsfélagi ("skástriksfélagi") 62.500 kr. hvert. Samkvæmt þessu fékk 41 félag 200 þúsund kr., 11 félög 125 þúsund kr. og 5 félög 62.500 kr., alls 9.887.500 kr.

Rekstur KSÍ hefur gengið vel undanfarin ár og fjárhagsstaða sambandsins hefur styrkst. Á sama tíma hefur KSÍ jafnt og þétt létt undir með aðildarfélögum sínum um leið og þjónusta við þau hefur verið stóraukin.

## KSÍ REKIÐ MEÐ HAGNAÐI

Hagnaður varð af heildarrekstri Knattspyrnusambands Íslands árið 2002, 38,2 milljónir króna, en þá hefur verið tekið tillit til tæplega 10 milljóna króna greiðslu til aðildarfélaga.

Regluleg starfsemi KSÍ (án Laugardalsvallar) var í samræmi við áætlanir. Rekstrartekjur voru 11% meiri en áætlað hafði verið og rekstrargjöld fóru 6% fram úr áætlun, en líta verður til þess að í því felst áður nefnd greiðsla til aðildarfélaga sem ekki hafði verið áætluð, svo og að gjaldaáætlun var aðeins um 1% umfram áætlun.

Regluleg starfsemi Laugardalsvallar var í föstum skorðum, en miðað við áætlanir varð um 10% hækkun á rekstrartekjum og rekstrargjöldum. Tap varð af reglulegri starfsemi Laugardalsvallar tæpar 2,8 milljónir kr., en að teknu tilliti til fjármagnsliða varð 19,6 milljóna kr. hagnaður á rekstrinum.

Fjármagnsliðir hafa mikil áhrif á heildarniðurstöðu KSÍ. Á árinu 2002 voru fjármunatekjur sambandsins 50,9 milljónir en fjármagnsgjöld voru 24,2 milljónir króna.

Rekstur KSÍ hefur gengið vel undanfarin ár og var eigið fé sambandsins í árslok 2002 orðið 131 milljón króna.

# Knattspyrnusamband Íslands

## Ársreikningur 2002

### Efnisyfirlit

#### **Knattspyrnusamband Íslands:**

Áritun stjórnenda KSÍ .....	Bls. 21
Áritun endurskoðenda .....	22
Rekstrarreikningur .....	23
Efnahagsreikningur .....	24-25
Sjóðstreymi .....	26
Skýringar .....	27-29
Sundurliðanir .....	30

#### **Laugardalsvöllur:**

Áritun stjórnar Laugardalsvallar .....	32
Rekstrarreikningur .....	33
Efnahagsreikningur .....	34-35
Sjóðstreymi .....	36
Skýringar .....	37-38

## Áritun stjórnenda Knattspyrnusambands Íslands

---

Formaður stjórnar, gjaldkeri og framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands staðfesta hér með ársreikning Knattspyrnusambands Íslands og Laugardalsvallar fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. janúar 2003.

Eggert Magnússon  
Formaður stjórnar KSÍ

Eggert Steingrímsson  
Gjaldkeri KSÍ

Geir Þorsteinsson  
Framkvæmdastjóri KSÍ

## Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

Við höfum endurskoðað ársreikning Knattspyrnusambands Íslands og Laugardalsvallar árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar fyrir Knattspyrnusamband Íslands og Laugardalsvöll. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Knattspyrnusambands Íslands og Laugardalsvallar árið 2002 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 28. janúar 2003

**Deloitte & Touche hf.**

Stefán D. Franklín  
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn Knattspyrnusambands Íslands.

Hannes Þ. Sigurðsson

Haukur Gunnarsson



















**KSÍ**  
**Laugardalsvöllur**

Ársreikningur 2002

## **Áritun stjórnar Laugardalsvallar**

---

Vallarstjórn Laugardalsvallar staðfestir hér með ársreikning Laugardalsvallar fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. janúar 2003

**Í stjórn**





















